



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Hugvísindasvið

## **Söknuður sár – vonir og þrár**

*Um líf og ljóð Guðnýjar frá Klömbrum og Skáld-Rósu*

**Íris Dungal**  
**Kt.: 030951-3529**

**Leiðbeinandi: Bergljót S. Kristjánsdóttir**  
**Haustönn 2011**

Háskóli Íslands  
Hugvísindasvið  
Íslenska

# Söknuður sár – vonir og þrár

*Um líf og ljóð Guðnýjar frá Klömbrum og Skáld-Rósu*

Ritgerð til B.A.-prófs

Íris Dungal

Kt.: 030951-3529

Leiðbeinandi: Bergljót S. Kristjánsdóttir

Janúar 2012

## Ágrip

Þessi ritgerð er lögð fram sem BA verkefni í íslensku á Hugvísindasviði. Í henni er fjallað um líf og ljóð skáldkvennanna Guðnýjar frá Klömbrum og Skáld-Rósu sem báðar voru uppi á fyrri hluta 19. aldar. Þær áttu það sameiginlegt að verða frægar fyrir harmljóð sín og hafa verið sagðar einna fyrstar íslenskra kvenna til að tjá tilfinningar í ljóðum sínum. Þær ortu báðar ævikvæði og deildu því lífsreynslu sinni með þjóðinni.

Leitað er svara við því hvaða innsýn í skáldskap kvenna þessara tíma lífssögur þeirra Guðnýjar og Rósu gefa okkur ef þær eru bornar saman. Því er leitast við að draga fram atburði í lífi þeirra sem höfðu áhrif á skáldskap þeirra og skoðað hvernig aðstæður voru á þeim tíma er þær voru uppi.

Í upphafi ritgerðar eru borin saman helstu atvik í lífi og fari Guðnýjar og Rósu og síðan eru dregin upp æviágrip hvorrar fyrir sig og þá lögð aðaláhersla á sambönd þeirra við þá ástvini er urðu yrkisefni harmljóða þeirra. Því næst er fjallað um þá fræðimenn sem hafa rannsakað sorgarferli í sambandi við söknuð, missi, einsemd og þunglyndi og síðar í ritgerðinni er stuðst við kenningar þeirra í sambandi við greiningar á ljóðum Rósu og Guðnýjar.

Stuttlega er litið inn í skáldheim kvenna á 19. öld og athugað hvernig samfélag er þar ríkjandi og hvernig konur geti komið skoðunum sínum á framfæri. Ljóð þeirra Guðnýjar og Rósu eru síðan skoðuð. Fyrst er litið á æsku og náttúruljóð þeirra en síðar eru harmljóð þeirra til umfjöllunar og eru ljóðin athuguð með hliðsjón af sögunni auk þess sem þau eru greind. Að lokum er borið saman hvernig Guðný og Rósa miðluðu harmi sínum með ljóðum. Í lok ritgerðar er fjallað um niðurstöður athugananna.

## Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
2	Æviferill Guðnýjar og Rósu .....	4
2.1	„Guðný hugsar um óhöpp sín“ .....	7
2.2	„Ó að við hefðum aldrei sést“ .....	12
3	Fræðimenn – um þunglyndi, einsemd og söknuð .....	16
4	Skáldheimur kvenna á 19. öld .....	20
5	Ljóð Rósu og Guðnýjar .....	23
5.1	Harmljóð Guðnýjar .....	25
5.2	Harmljóð Rósu .....	31
6	Hvernig miðluðu þær Rósa og Guðný harmi sínum? .....	39
7	Lokaorð .....	42
8	Viðaukar .....	44
8.1	Viðauki I .....	44
8.2	Viðauki II .....	50
8.3	Viðauki III .....	54
	Heimildaskrá .....	57

## 1 Inngangur

Fyrri hluti nítjándu aldar er merkilegur tími í bókmenntaheiminum. Fram að þeim tíma hafði almenningur aðallega fengist við sálma og rímnakveðskap en nýir straumar fara að berast hingað til lands með menntamönnum sem sigldu utan og miðluðu fróðleik sínum til landsmanna. Konur voru ekki í þeim hópi. Ekki tíðkaðist að þær færu utan til náms en þær námu þann fróðleik sem þær gátu og kemur hann fram í breytingum á ljóðagjörð þeirra. Nær óþekkt var að konur tjáðu tilfinningar sínar í ljóðum fyrr en þær Guðný og Rósa stigu fram og deildu harmi sínum með þjóðinni. Framtaki þeirra má líkja við byltingu og eru þær því nokkurs konar rauðsokkur 19. aldarinnar. Ljóðin veittu innsýn í stöðu kvenna gagnvart körlum og voru upphaf þess að konur síðari alda væru settar á skáldabekk.

Litið er á stöðu kvenna í sveitasamfélagi þessarar aldar og tilraunir þeirra til að brjótast út úr hinu fastmótaða karlaveldi sem ríkti þá. Æviferill Guðnýjar frá Klömbrum og Skáld-Rósu er skoðaður og ljósi varpað á þá þætti ævi þeirra sem höfðu mest áhrif á skáldskapartjáningu þeirra. Á Rósu er þó hallað þegar kemur að umfjöllun um niðja þeirra. Þar sem ég á ættir að rekja til Guðnýjar fjalla ég nokkuð um afkomendur hennar og afstöðu þeirra til hennar enda bregður það annarri birtu á hana en skrif vandalausra. Sveini, manni Guðnýjar, er af mörgum kennt um hvernig fór fyrir henni og því er kafli um hann nokkuð stór þáttur í þessari ritgerð. Er það gert til að varpa ljósi á skapferli hans og þær aðstæður sem ríktu á þessum tímum. Viðaukar um ævisögu hans og drög úr líkræðu Vernharðs Þorkelssonar sem jarðsöng Guðnýju læt ég fylgja með þessari ritgerð en drög úr þeim ritaði ég upp úr handritum á Handritadeild Landsbókasafns Íslands.

Litið er á kenningar fræðimanna um sorgarferli og einmanaleika. Farið er yfir nokkur atriði í skáldheimi kvenna þessara tíma og ljóð þeirra Guðnýjar og Rósu eru síðan skoðuð og greind. Því næst er litið á hvernig þær túlkuðu harma sína og að lokum eru niðurstöður dregnar saman.

## 2 Æviferill Guðnýjar og Rósu

Skáldkonurnar Guðný Jónsdóttir sem kennd er við bæinn Klömbrur<sup>1</sup> og Rósa Guðmundsdóttir, betur þekkt sem Vatnsenda-Rósa eða Skáld-Rósa, voru samtímakonur. Níu ár skildu þær að og fæddist Rósa 23. desember árið 1795 en Guðný 20. apríl árið 1804. Á æskuárum bjuggu þær báðar lengur eða skemur í Hörgárdal. Guðný að Auðbrekku en Rósa á Ásgerðarstöðum og síðar í Fornhaga. Foreldrar Guðnýjar voru séra Jón Jónsson og miðkona hans Þorgerður Runólfsdóttir en foreldrar Rósu voru þau Guðmundur Rögnvaldsson bóndi og Guðrún Guðmundsdóttir. Hvergi í heimildum er þess getið að þær hafi þekkt en þó er vitað að Guðmundur, faðir Rósu, starfaði sem meðhjálpari hjá séra Jóni.<sup>2</sup>

Báðar fengu þær góða bóklega þekkingu í æsku þótt hvorug þeirra hafi formlega gengið í skóla enda tíðkaðist ekki þá að senda kvenfólk til náms. Guðný var alin upp við betri efni og á heimili hennar var mikil áhersla lögð á söng og lestur góðra bóka. Rósa ólst upp á alþýðuheimili þar sem allir þurftu að hjálpast að við að draga björg í bú og var vinnusemi í hávegum höfð á heimili hennar. Foreldrar hennar hlúðu þó vel að andlegum þroska barnanna og urðu þau öll snemma læs. Í bókinni *Skáldkonur fyrri alda II* kemur fram að bókakostur hafi verið góður á heimili hennar og að þau hafi til dæmis átt Hávamál sem var sjaldgæf eign á íslenskum alþýðuheimilum.<sup>3</sup>

Guðný og Rósa nutu báðar ástríkis í bernsku en líklega hefur Rósa þurft að þola þröngan kost í upphafi ævi sinnar því um aldamótin 1800 gerðu hafís, farsóttir og langvarandi harðræði mörgu búaliði erfitt fyrir. Fjölskylda hennar fluttist a. m. k. að Fornhaga í von um betri viðurvist þegar hún var sjö ára.<sup>4</sup> Í kirkjubók er foreldrum Rósu þannig lýst: „Guðmundur húsbóndi 44 ára, lesandi, ráðvandur greindur og skýr. Guðrún 41 árs húsmóðir, vel lesandi, góðsöm kona, rétt vel að sér.“<sup>5</sup>

Guðný ólst upp á mannmörgu, erilsömu heimili því faðir hennar, séra Jón, var mikils virtur prestur og læknir og var þar oft húsfyllir sjúklinga. Hann er sagður hafa verið „[...] með lærðustu mönnum, góður fræðari og skyldurækinn embættismaður,

---

<sup>1</sup> Baldur Jónsson. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

<sup>2</sup> Gísli H. Kolbeins. 2007: 23.

<sup>3</sup> Guðrún P. Helgadóttir. 1995: 120-121.

<sup>4</sup> Gísli H. Kolbeins. 2007: 17.

<sup>5</sup> Gísli H. Kolbeins. 2007: 24.

ljúfur í framgöngu og skemmtinn.“<sup>6</sup> Móðir hennar, Þorgerður, er sögð hafa verið „vel greind og annáluð gæðakona.“<sup>7</sup> Guðný fékkst snemma við að yrkja og bera kvæðin sem hún orti í bernsku þess merki að hún hafi alist upp við gott atlæti og kátínu því í þeim er að finna gáskafullan tón.

Rósa þurfti hins vegar að takast á við hörmulegan atburð þegar hún var vart komin af barnsaldri því þegar hún var tólf ára lést móðir hennar úr brjóstveiki.<sup>8</sup> Sá atburður hefur eflaust mótað hana mikið. Hún hjálpaði þá föður sínum með búsjáluna ásamt Sigríði systur sinni. Sú reynsla hefur líkast til styrkt hana mikið í því að takast á við áföll síðar meir í lífinu.

Guðný aftur á móti varð ekki fyrir neinum áföllum í bernsku svo vitað sé og allt bendir til þess að hún hafi fengið að sinna sínum andlegu hugðarefnum að vild og að ekki hafi verið krafist mikillar líkamlegrar vinnu af henni.

Báðar giftust þær mönnum sem höfðu allan hugann við búskap og vildu að þær væru sama sinnis. Þær voru báðar félagslyndar og bókhneigðar en þeir voru fámálir. Þeir voru þó ólíkir að því leyti að Ólafur var aldrei í samkeppni við Rósu á andlega sviðinu en það var aftur á móti Sveinn við Guðnýju.

Talið er að Rósa hafi gifst fyrri manni sínum, Ólafi, tilneydd vegna þess að hún var barnshafandi en að hún hafi ekki borið ástarhug til hans. Í hjónabandi sínu var hún hörkudugleg til vinnu en hún gaf öðrum karlmönnum óspart undir fótinn og faldi það ekki fyrir manni sínum. Guðný aftur á móti var lítið fyrir búsjálfu en var manni sínum auðmjúk og undirgefin. Það kemur best fram í orðum prestsins, Vernharðs Þorkelssonar, sem jarðsöng hana.<sup>9</sup>

Þær Guðný og Rósa urðu báðar fyrir áföllum vegna fyrstu ástmanna sinna. Pilturinn sem Rósa unni hugástum, Páll Melsted, hafnaði henni vegna annarrar konu en hnarreist tók hún því áfalli og skildi eftir sig hinar fegurstu ástarvísur til vitnis um það samband. Guðný giftist sínum ástmanni en hann hafnaði henni, líklega vegna þess að hún reyndist honum ofjarl að vitsmunum. Það áfall, auk þess sem hún þurfti að sjá á eftir börnum sínum, varð henni um megn og dró hana til dauða. Áður en hún dó orti hún ljóðaperlur um reynslu sína sem lifðu lengi á vörum þjóðarinnar.

---

<sup>6</sup> *Guðnýjarkver*. 1951: 9. Helga Kristjánsdóttir bjó til prentunar og skrifaði inngang.

<sup>7</sup> *Guðnýjarkver*. 1951: 10.

<sup>8</sup> Gísli H. Kolbeins. 2007: 31.

<sup>9</sup> Viðauki III. Lbs 1435 8vo. Líkræða Vernharðs Þorkelssonar. Brot úr henni fylgir með sem viðauki III. Hún er varðveitt á Handritadeild Landsbókasafns Íslands.

Rósa og Guðný störfuðu við fæðingarhjálp frá unga aldri og voru eftirsóttar og vinsælar sem yfirsetukonur og báðar höfðu þær líknandi hendur. Þær áttu ekki langt að sækja þessa hæfileika því mæður þeirra beggja voru yfirsetukonur. Auk þess voru Jón, faðir Guðnýjar, og Natan, ástmaður Rósu, afkastamiklir læknar þótt hvorugur þeirra hafi numið fræðin að fullu. Í heimildum kemur einnig fram að samkvæmt kirkjubókum hafi á Fornhagaheimilinu verið til bækurnar *Stutt ávísun um andvana börn og Yfirsetukvennaskóli Saxdorps*.<sup>10</sup> Hugur þeirra beggja hefur því líklega beinst snemma í þessa áttina vegna ýmissa mótunaráhrifa frá heimilum þeirra.

Sem vænta mátti eru ekki til myndir af þeim Guðnýju og Rósu en flestum heimildum ber saman um að þær hafi verið gáfaðar, glæsilegar, góðlyndar og glaðlegar konur. Helga Kristjánsdóttir lýsir Guðnýju þannig í Guðnýjarkveri: „Guðný var smávaxin og fínbyggð og meira hneigð til söngs, ljóðagerðar og bóklesturs en búsyslu, enda var það í samræmi við uppeldi hennar. Hún var annáluð fyrir góðsemi sína og hjartahlýju. [...]“<sup>11</sup> Lýsing er til af Rósu skráð eftir konu sem hafði hana frá móður sinni er virðist hafa hitt skáldkonuna: „[...] hún var af öðrum konum að ásýnd í háu meðallagi á vöxt, gildvaxin og holdug, fremur stuttleit og full að vöngum, andlitið mjög frítt, svipmótið þungbúið nokkuð en góðlátlegt, ekki laus við dimman roða í kinnum.“<sup>12</sup> Ekki er samt vitað á hvaða aldri Rósa var þegar henni var lýst þannig.

En þótt góðsemi, glaðværð og hlýja hafi einkennt þær báðar, Guðnýju og Rósu, voru þær þó gjörólíkar að lundarfari og kemur það fram í ljóðum þeirra. Þær yrkja báðar um ástir, þrár og vonbrigði og raddir beggja hljóma af eigin reynslu en rödd Guðnýjar er veik þótt hún sé mögnuð en rödd Rósu sterk og djörf. Báðar ná þær athygli almennings vegna hreinskilni sinnar og fær Guðný innilega samúð hjá öllum en Rósa veldur víða hneykslun vegna djörfungar, bersögli og tvíæðni í ástamálum sem fóru fyrir brjóstið á mörgum.

Guðný lést á Raufarhöfn þann 11. janúar árið 1836 er hún var þar í útlegð hjá Hildi systur sinni eftir að Sveinn skildi við hana og sendi börnin í fóstur. Hún var jarðsett að Skinnastöðum fjarri ættingjum og vinum. Legstaður Rósu er einnig fjarri hennar skyldmönnum en hún lést þann 28. september árið 1855 er hún var á heimleið að norðan úr húsmennsku. Hún hlaut legstað í kirkjugarðinum að Minna-Núpi í Núpsdal. Því má segja að einmanaleikinn hafi fylgt þeim inn í eilífðina og að þær hvíli báðar sem útlagar á jaðri samfélagsins.

---

<sup>10</sup> Guðrún P. Helgadóttir. 1995: 120.

<sup>11</sup> *Guðnýjarkver*. 1951: 19.

<sup>12</sup> Gísli H. Kolbeins. 2008: 3.



Kvæði þeirra beggja eru ævikvæði en samkvæmt skilgreiningu eru það „kvæði þar sem höfundur rekur ævi sína, e. k. sjálfsævisaga í ljóðum.“<sup>13</sup> Guðný er fyrsta kona sem veraldlegt ljóð er birt eftir en ljóð hennar *Endurminningin er svo glögg* kom í Fjölni árið 1837 að henni látinni. Það vakti að vonum gífurlega athygli og urðu ljóð hennar landskunn í kjölfarið. Ljóð Rósu birtust ekki á prenti fyrr en löngu eftir andlát hennar en stökur hennar kunni hvert mannsbarn og enn þann dag í dag eru þær víða sungnar og í hávegum hafðar.

Þær Guðný og Rósa skipa svipaðan sess í *Íslenskri bókmenntasögu*. Þar teljast þær til alþýðuskálda ásamt þeim Bólu-Hjálmar, Sigurði Breiðfjörð og Látra-Björgu. Þar segir líka að konur hafi á þessum tíma átt örðugt með að fá viðurkenningu sem skáld og hafi því færstar þeirra komist á skáldabekk. Þeim hafi þó tekist það báðum og hafi þær ort um þungbær örlög sín vegna svika í ástamálum.<sup>14</sup> Þótt þær teljist báðar til alþýðuskálda nota þær misjafna bragarhætti. Rósa yrkir alltaf undir rímnahætti en Guðný sjaldnast.

Guðný og Rósa urðu einna fyrstar kvenna frá seinni öldum til að tjá líf sitt og tilfinningar í ljóðum og urðu þekktastar fyrir harmljóð sín. Guðný fyrir sorgarljóð er hún missti börn sín og einnig saknaðarljóð eftir erfiðan hjónaskilnað og Rósa fyrir ástar og saknaðarljóð til þriggja manna í lífi hennar. Guðný lýsir sorgum sínum á myndrænan hátt og leitar styrks í trúnni. Rósa bregður líka fyrir sig minnisstæðum myndum en er djarfari í líkingum og fyndnari en Guðný. Hún á það líka til að vera tvíræð og leitar ekki huggunar í trúnni. Hreinskilni þeirra beggja og hagamælska urðu til þess að komandi kynslóðir fræddust um stöðu kvenna en líklegt er að fleiri konur hafi verið í svipuðum sporum og þær því réttur þeirra var ekki mikill á þessum tíma. Algengt hefur verið að konur hafi verið sviptar börnum sínum og heimilum er mennirnir fengu sér önnur viðfangsefni.

## 2.1 „Guðný hugsar um óhöpp sín“

Árið 1817 flutti fjölskylda Guðnýjar að Stærra-Árskógi. Vorið 1826 kom þangað til lækninga ungur maður sem Sveinn Níelsson hét. Séra Jóni þótti maðurinn efnilegur og skrifaði um hann eftirfarandi athugasemd í kirkjubókina: „Afbragðs maður að gáfum, atgjörvi og siðferði.“<sup>15</sup>

Sveinn var fæddur að Kleifum í Gilsfirði og voru foreldrar hans þau Níels bóndi Sturlaugsson og Sesselía Jónsdóttir. Á fyrsta ári fór hann í fóstur til Jóns Jónssonar móðurbróður síns og konu hans Sigríðar Sveinsdóttur og ólst hann upp hjá þeim við

<sup>13</sup> *Hugtök og heiti í Bókmenntafræði*. 1983: 314. Ritstj. Jakob Benediktsson.

<sup>14</sup> *Íslensk bókmenntasaga III*. 1996: 249-252.

<sup>15</sup> *Guðnýjarkver*. 1951: 15.

ágætis atlæti. Honum var komið til náms og útskrifaðist hann úr Bessastaðaskóla árið 1824 með besta vitnisburði. Jafnhliða bóklega náminu lærði hann silfursmíði. Sveinn er sagður hafa verið „[...] með afbrigðum glæsilegur maður, hár, herðibreiður og svipmikill.“<sup>16</sup> Ekki er því að undra þótt heimasætan Guðný hafi litið hann hýru auga. Aðdáunin var gagnkvæm og giftust þau árið 1827. Þau fluttust með séra Jóni og fjölskyldu að Grenjaðarstað í Suður-Þingeyjarsýslu og gerðist Sveinn þar djákni hjá tengdaföður sínum. Á Grenjaðarstað fæddist þeim sonurinn Jón Aðalsteinn árið 1827. Árið 1828 hófu þau Sveinn og Guðný búskap á Klömbrum, jörðinni sem Guðný er einatt kennd við. Þar bjuggu þau litlu búi en vegnaði vel því Sveinn var harðduglegur til vinnu og var hann þar einnig með heimaskólakennslu. Fljótlega tóku þau hjón á jörðina með sér og var síðan tvíbýli á Klömbrum allan þeirra búskap.

Sár harmur var að þeim kveðinn er þau misstu litla drenginn sinn, Jón Aðalstein, rúmlega árs gamlan. Bæðu ortu þau löng sorgarkvæði eftir þann atburð. Þrem vikum fyrir andlát hans eignaðist Guðný annað barn sitt, stúlku sem hún nefndi Sigríði. Þá stúlku misstu þau einnig árs gamla og orti Guðný annað sorgarljóð um litlu dóttur sína og var nú sem hún hefði misst móðinn en hún huggar sig þó við nýja von. Átta mánuðum síðar, þann 1. maí 1830 fæddist þeim annar sonur sem þau skírðu Jón Aðalstein og aðra dóttur sem þau skírðu Sigríði eignuðust þau 11. júlí 1831. Jón Aðalsteinn ólst upp hjá þeim meðan þau bjuggu í Klömbrum en Sigríður var snemma send í fóstur á næsta bæ og herma fregnir að Sveinn hafi komið henni fyrir þar yfir sumarmánuðina svo Guðný gæti gengið út til heyrinnu.<sup>17</sup> Guðný orti tregablandið ljóð á heimleið eftir að hafa skilað af sér barninu í Reykjahlíð. Stúlkuna sína fékk hún aldrei til sín aftur og var hún sín fyrstu æviár í Reykjahlíð en sex ára gömul var hún flutt til Grenjaðarstaða. Fjórum árum síðar flutti hún þaðan með Krístrúnu móðursystur sinni og í ævisögubætti Sveins Níelssonar eftir Árna H. Hannesson segir hann frá afdrifum hennar.<sup>18</sup>

Sigríður hafði ávallt mikið og gott samband við móðursystur sínar þær Hildi og Krístrúnu og í bókinni *Konur skrifa bréf* eru nokkur bréf varðveitt sem fóru þeirra á millum. Árið 1860 skrifar hún Krístrúnu bréf þar sem hún segir:

Eg finn líka alltaf betur, að guð hefur gefið mér hentugan og góðan samferðamann á lífsleiðinni, þar sem hann gaf mér Níels minn, þó ég geti eitthvað fundið að honum. En eg hefði nú líklega lengi mátt leita þangað til að eg fann þann mann,

<sup>16</sup> *Guðnýjarkver*. 1951: 17.

<sup>17</sup> *Guðnýjarkver*. 1951: 21-23.

<sup>18</sup> Viðauki II. Lbs. 1416. 8vo. Drög úr ævisögu Sveins Níelssonar eftir Árna H. Hannesson fylgja hér með sem viðauki II. Ævisagan er varðveitt á Handritadeild Landsbókasafns Íslands.

sem mér þótti ekkert að. Hann er mér svo innilega góður, finnur að við mig þegar þess þarf með, en er ætíð svo hjartanlega umhugað um mig, og eins litlu stúlkurnar, þær eru líka mikið rýndar að honum.<sup>19</sup>

Kristrún og maður hennar Hallgrímur höfðu haft á móti þessum ráðahag í byrjun því þeim fannst Níels Eyjólfsson, maður hennar, ekki vera henni samboðinn en hann reyndist vera hinn besti kostur eftir allt saman og urðu margir niðjar þeirra merkir þjóðfélagsþegnar. Haraldur prófessor Níelsson var sonur þeirra og ein af dætrum þeirra var Þuríður skólastjórafrú, móðir Níelsar prófessors Dungal.<sup>20</sup>

Haraldi Níelssyni var greinilega mjög umhugað að halda minningu ömmu sinnar á lofti og safnaði hann saman öllum þeim ljóðum hennar sem hann náði í. Hann kynntist Hildi systur hennar á Hafnarárum sínum og fræddist heilmikið af henni. Í bréfaskriftum á milli Haralds og Ólafar skáldkonu á Hlöðum kemur fram að hann hafi mikinn áhuga á að heimsækja Grenjaðarstað og Klömbur og kynnast heimaslóðum ömmu sinnar. Hann komst ekki í þá ferð vegna andláts konu hans og af því tilefni skrifaði Ólög honum huggunarbréf. Í því voru meðal annars þessi orð:

Jeg man ógreinilega eptir hjartnæmri sorgarsögu um Ömmu þína, Guðnýju, sem mikið var umtalað kringum mig unga, og vakti mikla samúð hjá konum. Heit og sterk ljóð voru sögð ort af henni, sem að jeg lítið man úr, en nú, innfrá, vaktist þetta allt upp fyrir mjer, af viðtali við gömul hjón sem kunnu ljóð hennar og mundu meir en jeg um hana, og þau gáfu einnig þá upplýsingu, að yfirburðir þínir og gáfur væru frá henni komnar. Þjer er að sjálfsgöðu kunnugt um þjáningar Ömmu þinnar, og alt þetta.<sup>21</sup>

Þann 11. janúar 1890 skrifaði Hildur Sigríði bréf og minntist þar dánardægurs móður hennar. Í þessu bréfi sagði hún meðal annars:

Komdu nú sæl. Mér finnst í dag, að ég engum geti skrifað nema þér, því það er dagurinn (stóri), sem hún móðir þín sál. dó á, og það eru í dag 54 ár síðan, og þó er dagurinn frá morgni til kvölds mér svo fyrir augum eins og allt var þá. Hún varð veik nýársdag af týfis. Mitt í vikunni varð hún hress einn dag, svo ég meinti ekki yrði stóra alvaran úr því. Nóg um það. En svona er það, að hvert ár, sem yfir mig hefur liðið síðan, hef ég lifað upp að miklu leyti þessa mæðudaga á Raufarhöfn.<sup>22</sup>

Greinilegt er hversu djúpstæð áhrif þessi reynsla hefur haft á Hildi, systur Guðnýjar. Hún mátti horfa upp á bæði líkamlegar og andlegar þjáningar hennar án þess að geta nokkuð að gert.

---

<sup>19</sup> *Konur skrifa bréf*. 1961: 180.

<sup>20</sup> Tómas Guðmundsson. 1999a: 184.

<sup>21</sup> Helga Kress. 2009b: 38-39.

<sup>22</sup> *Konur skrifa bréf*. 1961: 209.

Eftir tæplega átta ára hjónaband skildu þau Guðný og séra Sveinn. Hann fékk brauðið Blöndudalshóla í Vestur-Húnavatnssýslu þann 23. janúar 1835 og flutti þangað. Jóni Aðalsteini kom hann fyrir hjá mótbylisfólkinu í Klömbrum til næsta vors en Guðný fluttist með Hildi systur sinni og manni hennar, Jakobi Johnson, norður til Raufarhafnar. Í athugasemd um brottflutta úr Grenjaðarstaðasókn 1835 skrifaði séra Jón við nafn Guðnýjar: „Kastað úr hjónabandi saklausri af manni hennar.“<sup>23</sup>

Dvöl Guðnýjar á Raufarhöfn varð ekki löng því hún lést þar eftir rúmt misseri. Þar orti hún eitt af sínum frægustu kvæðum, *Endurminningin er svo glögg*, til systur sinnar Krístrúnar. Í því kvæði lýsir hún sárum söknuði yfir að skilja við heimili og ástvini, vonbrigðum og trega.

Almenningur trúði því að hún hefði dáið úr sorg. Séra Jón faðir hennar bætti þessari athugasemd við nafn hennar í kirkjubókina eftir dauða hennar: „Dó af sjúkdómi, orsökunum af skilnaðargremjunni, á Raufarhöfn 11. jan. 1836.“<sup>24</sup>

Enginn veit með vissu hvers vegna séra Sveinn yfirgaf konu sína með þessum hörmulegu afleiðingum en fólk velti ýmsu fyrir sér og var það mál manna að hann hefði ekki þolað að hún væri honum klárari þótt óskóluð væri. Árni H. Hannesson lýsir sínum skoðunum í ævisögu sinni um sér Svein.<sup>25</sup>

Séra Sveinn þótti dálítið hégómlegur og viðkvæmur fyrir sjálfum sér og lýsir Árni þessum lyndiseinkennum hans í ævisögunni en hann tekur jafnframt fram að þrátt fyrir þessa galla í fari hans hafi hann verið mikils metinn fræðari sem sinnti ávallt heimakennslu skólapilta og einnig að hann hafi verið mikill reglumaður.<sup>26</sup>

Sveinn skrifaði einnig sjálfur ævisögu sína sem varðveitt er á Handritadeild Landsbókasafns Íslands. Þar segir hann fátt um hjónaband sitt og Guðnýjar. Hann minnst ekki á skilnað þeirra, aðeins að hann hafi flutt að Blöndudalshólum er hann fékk þar brauð og að stuttu seinna hafi hún látist. Hann segir þar að hann hafi fengist við vísnaðgjörð í uppvexti sínum en síðar hafi hann brennt það allt saman.<sup>27</sup>

Merkilegt er að sjá að hann miklar sig ekki af ljóðagjörð sinni en sárt hefur honum örugglega fundist að þurfa að láta í minni pokann fyrir konu sinni, Guðnýju, á því sviði. Hann

---

<sup>23</sup> *Guðnýjarkver*. 1951: 25.

<sup>24</sup> *Guðnýjarkver*. 1951: 25.

<sup>25</sup> Viðauki II. Lbs. 1416. 8vo.

<sup>26</sup> Viðauki II. Lbs. 1416. 8vo.

<sup>27</sup> Viðauki I. Lbs. 2252, 4to. Drög úr ævisögu séra Sveins Níelssonar eftir hann sjálfan fylgja hér með sem viðauki I. Ævisagan er varðveitt á Handritadeild Landsbókasafns Íslands.

hefur þó ekki brennt alveg allt því til eru nokkur ljóð eftir hann og meðal annars er í Guðnýjarkveri ljóð eftir hann sem hann orti til minningar um Guðnýju eftir lát hennar.<sup>28</sup>

Fróðlegt er að sjá hans lýsingu á atburðum sem getið er annars staðar í heimildum en í ævisögu sinni lýsir hann m. a. lækniaðferðum á sjálfum sér og öðrum og virðist hann hafa mikla trú á sjálfum sér í þeirri grein. Hann virðist vera ákveðinn í að reisa sér minnisvarða sem menntafrömuði og dugnaðarforki en hann minnst þó hvergi á skapbresti sína.

Árni segir í ritgerð sinni að Sveinn hafi verið fálátur og gott dæmi um félagshæfni hans er lýsing Árna á dvöl hans á heimili barnanna í Reykjavík: „Þegar síra Sveinn flutti suður bjóst hann við að hafa skjól hjá Hallgrími dómkirkjupresti syni sínum, en það fór á aðra leið, kona Hallgríms gat ekki liðið hann, hún hafði alist upp við hið hárfína líf í Kaupmh [...]“.<sup>29</sup> Ekki fór betur hjá honum þegar hann ætlaði að flytja til dóttur sinnar: „[...] Hann gat ei heldur felt sig við vandlæti hennar, svo hann varð að fara þaðan. Svo fór hann til Bjarnar og Elísabetar dóttur sinnar en alt fór á sömu leið, varð hann að taka sér annarstaðar leigupláss.“<sup>30</sup>

Sveinn var virtur og mikils metinn kennimaður og prestur en í bréfi sem Bjarni Thorarensen amtmaður skrifaði vini sínum Finni Magnússyni þann 14. febrúar 1836 hafði hann þetta um hann að segja: „[...] Madm. Guðný hálffráskilin Kona Fants nockurs núordins Prests Sr. Sveins Níelssonar í Blöndudalshólum.“<sup>31</sup> Og til Gríms Jónssonar hinn sama dag: „Madm. Guðný kona Þrælsins Sveins fyrrum Diákna Níelssonar, nú prests að Blöndudalshólum, er nú dain!“<sup>32</sup>

Séra Sveinn kvæntist fljótlega aftur, Guðrúnu Jónsdóttur, og eignaðist með henni fjögur börn. Hann var mikill fróðleiksmaður og skrifaði talsvert, t. d. *Presta og prófastatal á Íslandi*. Hann lést í Reykjavík þann 17. janúar árið 1881.<sup>33</sup>

Greinilegt er að þótt réttur kvenna hafi verið lítill á þessum tíma þá hefur Guðný fengið fulla samúð almennings því ljóð hennar læddu sér inn í hvert hús landsins og trúlegt er að fyrrverandi eiginmaður hennar hafi átt erfitt uppdráttar fyrst um sinn eftir fráfall hennar því margir hafa eflaust kennt honum um hvernig fór.

---

<sup>28</sup> *Guðnýjarkver*. 1951: 28-29.

<sup>29</sup> Lbs. 1416 8vo.

<sup>30</sup> Lbs. 1416 8vo.

<sup>31</sup> Bjarni Thorarensen. 1943: 230.

<sup>32</sup> Bjarni Thorarensen. 1943: 130.

<sup>33</sup> *Guðnýjarkver*. 1951: 31.

## 2.2 „Ó að við hefðum aldrei sést“

Fyrstu og jafnframt frægustu ástarvísur Rósu eru taldar vera ortar til Páls Melsted sem var skrifari Stefáns amtmanns á Möðruvöllum á árunum 1810-1812. Rósa réði sig þangað í vist árið 1813 og uppi eru sögusagnir um að þar hafi þau kynnst og orðið ástfangin hvort af öðru. Guðrún P. Helgadóttir telur þó að þau hafi kynnst fyrir því árið sem Rósa var að Möðruvöllum var Páll erlendis.<sup>34</sup> Ekki er vitað með vissu hversu nán kynni þeirra voru en nokkuð víst er að hann var hennar æskuást. Samgangur var mikill á milli Möðruvalla og Fornhaga og ekki er ólíklegt að þau hafi gefið hvort öðru hýrt auga enda voru þau bæði annáluð fyrir fríðleika, gáfur og glæsileika. Hin djúpa ást sem kemur fram í stökum hennar ber þess vott að eitthvað meira hafi verið á milli þeirra en augngotur og saklaus bros.

Rósa átti sér þó skæðan keppinaut sem var sjálf amtmannsdóttirin og var hún ekki tilbúin að sleppa bráð sinni í hendur alþýðustúlku sem hafði ekkert upp á að bjóða nema sjálfa sig. Auður og völd hafa ávallt verið bitur vopn og þeim beitti Stefán amtmaður er hann fjárfesti í framtíð dóttur sinnar Önnu Sigríðar. Hún hafði misstigið sig og eignast barn eftir misheppnað ástarævintýri og í þá tíð var það stór blettur á mannorði konu. Stefán sá sér því leik á borði og kostaði Pál, sem var fátækur sveitapiltur, til náms og sá til þess að hann öðlaðist auðlegð, frægð og frama gegn því að hann giftist dótturinni. Slíku kostaboði gat pilturinn ekki hafnað þótt hugurinn hafi ef til vill leitað annað. Rósa mátti því láta í minni pokann en grunur leikur á að hún hafi samt lengi haldið í von því hún var ráðskona hjá Páli er hann settist að á Ketilstöðum áður en kona hans flutti til hans og óvíst er hvort hún vissi nokkuð um hjónaband þeirra þá. Einnig var hún í vist hjá þeim hjónum seinna og þar kynntist hún manni sínum Ólafi Ásmundssyni sem var vinnumaður hjá þeim. Samkvæmt Rósu B. Blöndals var Páll svaramaður í brúðkaupi þeirra Rósu og Ólafs.<sup>35</sup>

Sagan um ástarsamband þeirra Páls og Rósu er ekki ný af nálinni því í *Natans sögu Ketilssonar*, sem var gefin út árið 1892, kemur þetta fram: „[...] Það er í sögnum, ekki ómerkum, að gjafvaxta trúlofaðist hún lærðum manni, er hér varð síðan hár valdamaður, og hefir verið til þess nefndur Páll amtmaður Melsted [...]“<sup>36</sup>

---

<sup>34</sup> Guðrún P. Helgadóttir. 1995: 122.

<sup>35</sup> Rósa B. Blöndals. 1989: 73-79.

<sup>36</sup> Gísli Konráðsson. 1892: 27.

Flestum sögnum ber saman um að Rósa hafi ófús gifst manni sínum og Rósa B. Blöndals heldur því fram að hún hafi sagt frá því sjálf.<sup>37</sup> Rósa vitnar í frásögn Brynjólfs frá Minna-Núpi og segir að Rósa hafi komið miður sín til Páls Melsted og sagt honum að hann væri faðir að væntanlegu barni hennar. Svar hans hafi verið kuldalegt er hann ráðlagði henni að giftast Ólafi smið sem fyrst.<sup>38</sup> Rósa B. Blöndals heldur því fram að Rósa hafi ætlað að skíra dótturina Pálínu Melantínu í höfuðið á föður sínum, Páli Melsted, en ljósmóðirin sem hélt barninu undir skírn hafi gleymt seinna nafninu og því hafi það ekki orðið úr. Hún segir enn fremur að hún hafi ætlað að nota Melentínu nafnið þar sem henni var meinað að nota ættarnafnið Melsted.<sup>39</sup> Sannleikann fær enginn að vita en stúlkan er skráð Pálína Ólafsdóttir í kirkjubókum og reyndist Ólafur henni góður faðir.

Eftir brúðkaupið lagðist Rósa í rúmið og ætlaði að svelta sig í hel en hún hristi af sér drungann og horfðist í augu við örlög sín í fangi annars manns en hún hafði óskað sér sjálf. Ekki er vitað til þess að hún hafi nokkru sinni ort ástarljóð til Ólafs og hann hefur að öllum líkindum liðið mikið fyrir það að kona hans bar ekki ástarhug til hans. Honum hefur sennilega ekkert litist á hversu vel hún naut sín í félagsskap annarra karlmanna og segir Tómas Guðmundsson frá því að Ólafur hafi í fyrstu reynt að forða henni frá kynnum við aðra karlmenn með því að flytja í burtu er prestssonur að nafni Steingrímur fór að gerast tíður gestur á bænum og sat á spjalli við Rósu meira en góðu hófi gegndi. Er Rósa komst að ástæðunni fyrir flutningunum hló hún við og sagði: „Þá er annar Steingrímur.“<sup>40</sup> Þessi setning varð síðar landlæg.

Sá maður sem hafði einna mest áhrif á líf Rósu var Natan Ketilsson sem skráður var vistmaður hjá þeim Ólafi árin 1823-1825. Rósa B. Blöndals getur þess að Rósa hafi ekki viljað fá hann inn á heimili þeirra því hún hafi haft hugboð um að dvöl hans þar myndi ekki færa þeim gæfu en Ólafur hafi ekki getað neitað því fé sem Natan bauð fyrir veru sína hjá þeim. Einnig gæti verið að þau hefðu talið sig skuldbundin til að taka við honum því hann hafi læknað dóttur þeirra, Guðrúnu, af niðurfallssýki.<sup>41</sup>

---

<sup>37</sup> Rósa B. Blöndals. 1989: 71.

<sup>38</sup> Rósa B. Blöndals. 1989: 71.

<sup>39</sup> Rósa B. Blöndals. 1989: 91-93.

<sup>40</sup> Tómas Guðmundsson. 1999b: 50.

<sup>41</sup> Rósa B. Blöndals. 1989: 103-104.

Í *Natans sögu Ketilssonar* er honum lýst þannig:

Natan var vitur af eðli og mælskur, en ærið óstöðugur í gáfum, lítilmenni að orku og huglítill ef á þurfti að reyna, nær meðalmaður á vöxt en heldur grannleitur, nefstór nokkuð en sléttur á kinn og smáeygður, jarpleitur á háir, fingralangur og öll höndin mjó en löng, ekki gæfusamlegur á svip en ör af fé ef hann hafði það fyrir hendi, vildi láta virða sig en eigi ganga í vistir, sýslaði mikið um lækningar og grasafraði [...]<sup>42</sup>

Hann var vel lesinn og skáldmæltur og fann Rósa þar jafnoka sinn enda löðuðust þau fljótlega hvort að öðru. Natan flutti með þeim hjónum að Vatnsenda þar sem þau bjuggu restina af búskap sínum.

Þau Rósa og Natan drógu engan dul á samband sitt og fóru þau meðal annars í ferð saman til Eyjafjarðar til að finna frændur Rósu. Þau fengu mikið umtal fyrir þennan samdrátt sinn en Rósa virðist hafa verið svo heilluð af mannum að hún hafi skeytt því engu. Orðrómur var uppi um að Natan væri faðir að Þórönnu Rósu sem fæddist árið 1825 og jafnvel að syninum Rósant Berthold sem var fæddur árinu áður. Þegar Rósa átti enn von á sér tók Natan, sem þá var fluttur að Illugastöðum, Þórönnu Rósu í fóstur og var þá mjög í hámmælum haft að ekki væri allt með felldu að Vatnsenda. Þegar Súsanna fæddist árið 1826 kallaði sýslumaður Rósu fyrir rétt út af faðerni hennar. Rósa játaði fyrir rétti að Natan væri faðir hennar og meðgekk hann það. Súsanna dó aðeins sex vikna gömul. Ólafur mætti með konu sinni fyrir réttinn og báru þau bæði að þetta væri hennar fyrsta brot og að þau hefðu sæst.<sup>43</sup> Mikið hefur Ólafi verið í mun að halda börnum og heimili saman fyrst hann lét þetta yfir sig ganga.

Þótt Rósa hafi verið tilbúin til að fórna almenningsáliti og hjónabandi sínu fyrir Natan var hann ekki jafn heill í ást sinni til hennar. Hann var annálaður kvennamaður og spjátrungur og sagt var að ástir hefðu verið á milli hans og Agnesar frá Geitaskarði sem fluttist til hans að Illugastöðum. Stuttu seinna gerði hann fimmtán ára stúlku, Sigríði Guðmundsdóttur, að bústýru hjá sér og átti í ástarsambandi við hana. Þá var hann orðinn afhuga Rósu og lét hana skilja að allt væri búið þeirra á millum og sætti hún sig illa við það. Hún orti til hans ljóðabréf sem nú er glatað en varðveist hefur hluti af öðru sem er svar við ljóðabréfi sem hann sendi henni til baka. Þar kemur biturleiki hennar glöggt fram og átelur hún sjálfa sig fyrir að hafa fallið í snörur freistinganna.<sup>44</sup>

---

<sup>42</sup> Gísli Konráðsson. 1892: 13.

<sup>43</sup> Rósa B. Blöndals. 1989: 105-110.

<sup>44</sup> Rósa B. Blöndals. 1989: 109-111.



Natan spilaði djarft og galt fyrir með lífi sínu því árið 1828 var hann myrtur ásamt gesti sínum af þeim Agnesi, Sigríði og vinnumanninum Friðrik. Þau ætluðu að láta líta svo út að kviknað hefði í bænum og þeir brunnið inni en rannsókn leiddi í ljós að þeir voru myrtir áður en bærinn brann og að um íkveikju hafi verið að ræða. Ástæðan var afbrýðissemi, ágirnd og hefnigirni og virtist sem Agnes hefði mjög hvatt til drápsins því hún undi illa sínum hlut og Friðrik átti óuppgerðar sakir við Natan sem hafði preittað hann í viðskiptum. Þau voru öll ákærð fyrir morðin og Agnes og Friðrik voru síðan hálshöggvin í Vatnsdalshólum.<sup>45</sup>

Árið 1831 skildu þau Rósa og Ólafur og varð hann eftir á Vatnsenda með dæturnar Pálinu, Guðrúnu og Sigríði. Þórönnu Rósu var komið í fóstur en Rósa tók Rósant son sinn með sér í húsmennsku og fylgdi hann henni alla tíð. Hún kynntist síðar Gísli Gíslasyni, prestssyni, sem var 19 árum yngri en hún og hóf sambúð með honum í Gottorp. Hann hafði flosnað upp frá námi í Reykjavík en var vel fróður og hagamæltur. Árið 1838 fluttu þau til Ólafsvíkur og þar voru þau gefin saman í hjónaband árið 1940. Gísli var ákaflega hrifinn af konu sinni enda var hún glæsileg og skemmtileg. Hann gerðist drykkfelldur um tíma og varð hann þá ærið kvensamur og gerði það Rósu oft lífið leitt. Fjárhagur þeirra var góður til að byrja með en halla fór undan fæti seinni ár þeirra í Ólafsvík og var ef til vill drykkju Gísla um að kenna að einhverju leyti. Þau fluttu síðan til Hafnarfjarðar og Gísli var þar skráður sem tómthúsmaður. Hann minnkaði drykkjuna og þótt þau hefðu ekki mikið á milli handanna varð sambúð þeirra örugglega þolanlegri. Rósa var ávallt annáluð fyrir góðsemi sína og dugnað og starfaði hún ötult alla sína ævi. Hún náði sambandi við börn sín öll þótt hún hafi þurft að yfirgefa sum þeirra í æsku og ávallt var hún til í að rétta þeim hjálparhönd. Hjónaband þeirra Gísla entist út ævi Rósu og sagt er að hann hafi saknað hennar mikið er hún féll frá.<sup>46</sup>

Hér hefur verið stiklað á stóru í samböndum Rósu við þá menn er höfðu mest áhrif á líf hennar. Vísur og ljóð eftir hana eru til um þá Pál, Natan og Gísli og segir sá kveðskapur mikið um hvern hug hún bar til þeirra. Nokkuð ljóst er að hún elskaði þá alla en hvern á sinn hátt þó.

---

<sup>45</sup> *Öldin sem leið*. 1955: 93-94. Gils Guðmundsson tók saman.

<sup>46</sup> Gísli H. Kolbeins. 2007: 217-260.

### 3 Fræðimenn – um þunglyndi, einsemd og söknuð

Margir fræðimenn hafa skrifað um sorg, einsemd og söknuð og skal nú lítið á orð nokkurra þeirra:

Þau Elisabeth Kübler-Ross og David Kessler skrifuðu bókina *On Grief and Grieving* til þess að hjálpa fólki að skilja og takast á við sorgina í sambandi við dauða og ástvinamissi. Í bókinni lýsa þau sorgarferlinu og skipta því í fimm stig: Höfnun, reiði, samninga, þunglyndi og sátt. Þessi stig eru öll þekkt en hafa oft verið misskilin. Ekki má líta svo á að hægt sé að skipta erfiðum tilfinningum í skýrt afmarkaða flokka. Þessi stig eru algeng viðbrögð við missi sem flestir upplifa en slík viðbrögð eru ekki stöðluð frekar en að til er staðlaður missir. Sorgarviðbrögð manna eru jafn ólík og mennirnir eru margir.

Þessi fimm stig: höfnun, reiði, samningar, þunglyndi og sátt eru hluti af því sem getur kennt fólki að lifa með sorginni vegna horfins ástvinar. Þau eru verkfæri sem hjálpa fólki að skilja tilfinningar sínar. Þau hafa samt engan línulegan tímaramma í sorginni. Misjafnt er líka hvort fólk gengur í gegnum öll þessi stig og þá einnig í hvaða röð þau eru.<sup>47</sup> Þau eru hins vegar þekkt þegar menn horfast í augu við dauðann og eins er þeir missa vin eða ástvin.

Höfnunin er frekar táknað en bókstafleg. Menn vita að ástvinurinn er horfinn en þeir neita að horfast í augu við það. Í fyrstu gætu menn verið sem lamaðir vegna andlegs álags og því er þægilegra að ímynda sér að þeir sjái hann aftur þótt þeir viti betur.<sup>48</sup>

Reiðin brýst fram í mönnum á ýmsa vegu. Þeir geta verið reiðir vegna þess að ástvinurinn hugsaði ekki betur um sig eða að þeir hugsuðu ekki sjálfir betur um hann. Þeir geta verið reiðir yfir því að hafa verið skildir eftir einir og að eiga ekki meiri tíma með þeim sem horfinn er. Þeir vita að hann fór en það átti ekki að gerast.<sup>49</sup>

Samningarnir virka þannig að áður en menn missa einhvern virðast þeir vera tilbúnir að gera hvað sem er ef aðeins hann fær að vera hjá þeim lengur. Þeir biðja til Guðs og lofa öllu fögru ef þeir fá aðeins að hafa ástvin sinn hjá sér örlítið lengur. Eftir missinn gætu áherslurnar breyst. „Hvað með ef ég eyði restinni af lífi mínu í að hjálpa öðrum? Gæti ég þá vaknað og uppgötvað að þetta var bara slæmur draumur?“ Maður

---

<sup>47</sup> Kübler Ross og Kessler. 2004: 7.

<sup>48</sup> Kübler Ross og Kessler. 2004: 8.

<sup>49</sup> Kübler Ross og Kessler. 2004: 11.

getur spurt sjálfan sig endalausra spurninga „hvað ef...“ og „ef aðeins...“ en fær engin svör. Fólk vill að lífið verði eins og það var og veltir því stöðugt fyrir sér hvort þetta hefði þurft að gerast og hvort það hefði getað stöðvað það.<sup>50</sup>

Eftir samningastigið fer fólk oft yfir á þunglyndisstigið. Tómarúmið hellist yfir það og sorgin verður yfirpyrmandi, miklu erfiðari en nokkurn gat grunað. Þetta stig virðist aldrei ætla að hverfa en nauðsynlegt er fyrir fólk að vita að þetta er ekki geðveiki heldur eðlileg viðbrögð við sárum missi. Fólk dregur sig í hlé frá skarkala heimsins og veltir því oft fyrir sér hvort lífið hafi nokkurn tilgang lengur. Til hvers að halda áfram? Því er sama hvort morgundagurinn komi eða ekki. Rödd í höfðinu á fólki segir því að fara á fætur en það hefur hvorki löngun né ástæðu til þess. Lífið verður tilgangslaust og fólk verður algjörlega orkulaust. Aðeins það að fara á fætur á morgnana verður erfiðara en nokkur fjallanga og það getur varla staðið upprétt. Þetta ástand er flestum mjög erfitt en nauðsynlegt í sorgarferlinu. Ekki þýðir að flýja þetta ástand, best er að horfast í augu við það og leyfa því að hafa sinn gang. Þannig lærir fólk að lifa með því og þótt það hellist yfir það öðru hvoru seinna þá kann það að takast á við það.<sup>51</sup>

Seinasta stigið er sáttin og er oft dálítið ruglingslegt ástand. Það snýst ekki um að maður sætti sig nokkurn tímann við missinn heldur að maður geti horfst í augu við ástandið eins og það raunverulega er. Fólki þarf ekki að líka við þennan raunveruleika en það viðurkennir hann og lærir að lifa með honum. Á þessu stigi er fólk að yfirvinna sorgarferlið þótt því finnist það í raun vera óyfirstíganlegt. Það fer að raða saman ýmsum atvikum í huganum og fá meiri skilning á ástandinu. Í fyrstu gæti fólk viljað haga lífi sínu eins og það gerði með ástvininn við hlið sér en það lærir smám saman að lífið hefur breyst.<sup>52</sup>

Linda Pastan samdi ljóðið *The Five Stages of Grief* eftir lestur bókar Kübler-Ross og Kessler og lýsir hún þar þessu ferli á mjög hnitmiðaðan hátt. Það fjallar um ljóðmælanda sem hefur misst ástvin og honum er bent á þessi fimm stig sorgarferlisins. Honum er sagt að fara eftir því og það sé auðvelt, eins og að klifra upp stiga eftir útlímamissi. Ljóðið gengur svo út á það hvernig gengur í klifrinu í gegnum öll þessi ferli og á endanum kemur að lokaferlinu.<sup>53</sup>

---

<sup>50</sup> Kübler Ross og Kessler. 2004: 17.

<sup>51</sup> Kübler Ross og Kessler. 2004: 21-22.

<sup>52</sup> Kübler Ross og Kessler. 2004: 24-25.

<sup>53</sup> Pastan, Linda. <http://justadream.tripod.com/pastan/15p.htm> sótt 30. nóvember 2011. *Acceptance. / I finally / reach it. / But something is wrong. / Grief is a circular staircase. / I have lost you.* [Íslenski textinn er mín þýðing].

*Viðurkenning.*  
Loksins  
öðlast ég hana.  
En eitthvað er að.  
Sorgin er hringstigi.  
Ég hef glatað þér.

Margaret Homans hefur skrifað mikið um konur og í bók sinni *Women Writers and Poetic Identity* bendir hún á að á fyrri hluta 19. aldar hafi það þótt hneyksli ef kona birti verk sín. Ef hún gerði það var ekki litið á hana sem rithöfund heldur sem konu. Margar ástæður lágu að baki því að erfitt var fyrir konur að verða skáld. Allt frá praktískum hindrunum eins og skorti á „sérherbergi og seðlum“ til þeirrar skoðunar menningarsamfélagsins að hugarheimur kvenna væri þess ekki megnugur að hafa sérstæðar skoðanir. Ekki væri heldur við miklu að búast úr hugarheimi þeirra því þær fengju enga formlega menntun og vantaði alla víðsýni, upplifun þeirra af samfélaginu væri yfirleitt innan þröngra veggja þess samfélags sem þær byggju í hvort sem þær væru giftar eða ekki.<sup>54</sup>

Konur höfðu ekki tækifæri til að ganga í skóla og ljóður þótti á ráði þeirra ef þær voru andlega sinnaðar. Þær konur sem höfðu þörf fyrir að tjá sig gerðu það yfirleitt í laumi og í mesta lagi páruðu þær afraksturinn á blað og sendu vinum og vandamönnum. Varla hefur hvarflað að nokkurri þeirra að sjá eitthvað eftir sig á prenti.

Þessar aðstæður hindruðu flestar konur í að birta verk sín en þær sem brutu sér leið í gegnum hindranirnar og náðu árangri voru yfirleitt konur sem lifðu ekki lífi sem myndi kallast „eðlilegt líf“. Eins og þær Emily Brontë, Emily Dickinson, Christina Rossetti og Elisabeth Barrett Browning sem eyddu stórum hluta lífs síns meira og minna í einangrun.<sup>55</sup> Homans bendir einnig á að ástarljóð sem eru skrifuð af konum séu mjög ólík þeim sem eru skrifuð af körlum því þau séu skrifuð frá sjónarhorni kvenna og þær ljái þeim rödd sína.<sup>56</sup>

Lawrence Lipking fjallar um yfirgefnar konur í bók sinni *Abandoned Women and Poetic Tradition*. Hann segir hlutverk þessara kvenna vera tvíþætt. Þær séu í fyrsta lagi yfirgefnar eða útlagar og í öðru lagi séu þær óheftar og blygðunarlausar. Þær séu í raunveruleikanum sem og í bókmenntum bæði andlega og líkamlega yfigefnar af elskhugum sínum. Í útleið frá samfélagsreglum hafa þær tækifæri til að skapa sér sínar eigin reglur og taka þannig völdin í sínar hendur. Þær geta verið fórnarlömb eða útlagar,

---

<sup>54</sup> Homans. 1980: 5.

<sup>55</sup> Homans. 1980: 5.

<sup>56</sup> Homans. 1980: 7.

valdamiklar eða valdalausar og á augnabliki geta þær breyst úr þeim sem leikið er á í leikarann sjálfan. Yfirgefningin mótar tilvist þessara kvenna og er óumflýjanleg.<sup>57</sup>

Samkvæmt kenningu Lipkings geta þær konur sem hafa verið hraktar út á jaðar samfélagsins snúið vörn í sókn og náð völdum með því t. d. að deila reynslu sinni og ljá henni rödd í ljóðum. Fyrir vikið verða þær dáðar og virtar í hinum gæfulausu hlutverkum sínum.

Lipkings segir að þegar karlmenn tjái sig um yfirgefningu þá yrki þeir í orðastað kvenna.<sup>58</sup> Hann segir einnig að „yfirgefnir karlmenn“ fái ekki sama pláss í bókmenntaheiminum og „yfirgefnar konur“ enda séu þeir ekki eins nauðsynlegir þar. Í almennu tungumáli sé líka sjaldan talað um „yfirgefna karlmenn“. Í ljóðum er þeim frekar „hafnað“ en að þeir séu „yfirgefnir“.<sup>59</sup> Muninn á þessu útskýrir hann þannig að samkvæmt ríkjandi hugmyndum samfélagsins eigi konur ekki að eltast við karlmenn en um leið og karlmennirnir hafa fengið vilja sínum framgegn hæfir þeim best að taka stjórnina. Því skynjar maður ljóð um yfirgefningu kvenna sem eitthvað óhjákvæmilegt eins og konan sé að skynja þau örlög sem henni eru búin, á meðan ljóð um yfirgefningu karlmanns virðast hafa gremju eða undrunartón eins og karlmaðurinn skilji ekki hvernig slík óhappaörlög geti hent mann eins og hann.<sup>60</sup> Lipkings segir enn fremur að þegar karlmaður sé yfirgefinn þá líði honum í raun eins og konu.<sup>61</sup>

Helga Kress hefur skrifað mikið um kvennbókmenntir og kenningar fræðimanna um þær. Í greininni *Dæmd til að hrekjast* notar hún kenningar Roland Barthes sem í bók sinni *Lover's Discourse* segir að „orðræða ástarinnar sé orðræða dýpstu einsemdar, sem hið almenna mál ýmist tekur ekki eftir, lítilsvirðir eða hæðir.“ Barthes segir „að þessi orðræða sé í sjálfu sér kvenleg. Sé karlmaður talinn kvenlegur er það oft vegna þess að hann er ástfanginn. Hann gefur sig tilfinningunum á vald og brýtur þannig gegn lögmálum samfélagsins sem beinast að því að halda þeim í skefjum.“<sup>62</sup> Helga segir að eitt aðaleinkenni orðræðu ástarinnar samkvæmt Roland Barthes sé orðræða hinnar yfirgefnu konu. Hún verður eftir og í fjarveru elskhugans talar hún til hans eins og hann sé nærstaddur. Þögn elskhugans verður því andstæða við orðaflaum hinnar yfirgefnu konu.<sup>63</sup>

---

<sup>57</sup> Lipking. 1988: xvii.

<sup>58</sup> Lipking. 1988: xviii.

<sup>59</sup> Lipking. 1988: xix.

<sup>60</sup> Lipking. 1988: xviii.

<sup>61</sup> Lipking. 1988: xix.

<sup>62</sup> Helga Kress. 2000: 250.

<sup>63</sup> Helga Kress. 2000: 255.

## 4 Skáldheimur kvenna á 19. öld

Á fyrri hluta nítjándu aldar áttu konur að sinna búsjólu og barnaupveldi en ekki skáldskap. Margar þeirra fóru aldrei út fyrir sína sveit og sjaldgæft var að þær gengju menntavegin. Erla Huld Halldórsdóttir lýsir kvenímyndinni í upphafi 19. aldar á þennan hátt í ritgerð sinni „Illt er að vera fæddur kona“:

[...] Talsmenn upplýsingarinnar höfðu átt sinn þátt í að festa í sessi ímynd konunnar sem hinnar upphöfnu móður og húsmóður, uppalanda og fræðara. Staða konunnar var inni á heimilinu, þar sem hún átti að ríkja yfir börnum og hjúum, hafa yfirumsjón með hreinlæti. Matarsöfnun og matargerð, tóvinnu og uppfræðslu barna sinna, svo eitthvað sé nefnt. Konan var upphafin og hrein, táknmynd hins góða. Hún átti að hafa jákvæð áhrif á breytni eiginmanns síns, en ekki að standa uppi í hárinu á honum væri hún honum ósammála, því karlinn átti að ráða.<sup>64</sup>

Hún segir að þessi hugmyndafræði komi fram í riti Björns Halldórssonar frá Sauðlauksdal, *Arnbjörgu*, sem er gefið út um árið 1780.<sup>65</sup>

Helga Kress bendir á að einkennandi sé fyrir stöðu kvenna að fyrsta bók sem prentuð var eftir íslenska konu sé matreiðslubók sem ber heitið *Einfalt matreiðsluasakver fyrir heldri manna húsfreyjur* eftir Mörtu Maríu Stephensen og var hún gefin út í Leirárgörðum árið 1800. Einnig sé einkennandi fyrir þennan tíma að því hafi verið haldið fram að bókin væri ekki eftir Mörtu heldur mann hennar eða mág. Við að glugga í ritið sé þó augljóst að það sé samið af konu miðað við hvernig hlutverkaskiptingu kynjanna var háttað þá.<sup>66</sup> Helga bendir einnig á að fyrsta kvæði sem hafi verið prentað eftir konu sé sálmur eftir Guðnýju Guðmundsdóttur í *Höfuðgreinabók* á Hólum sem var gefin út árið 1772.<sup>67</sup>

Margar konur hefðu gjarnan viljað mennta sig ef þær hefðu haft tækifæri til og kemur sú þrá þeirra stundum fram í sendibréfum sem þeim fór á millum. Í bréfi sem Hildur Johnsen skrifaði Sigríði dóttur Guðnýjar kemur sú skoðun hennar glögglega í ljós að henni finnst hún ekki standa jafnfætis körlum í þessum málum: „Eg öfunda lærðu mennina, þeir eiga betra en eg, kunna betur að segja frá en eg. En þeir verða að hafa eir, sem ekki hafa látúnið.“<sup>68</sup>

<sup>64</sup> Erla Hulda Halldórsdóttir. 1997: 33.

<sup>65</sup> Erla Hulda Halldórsdóttir. 1997: 33.

<sup>66</sup> Helga Kress. 1977: 22.

<sup>67</sup> Helga Kress. 1997b: 29.

<sup>68</sup> *Konur skrifa bréf*. 1961: 211-212.

Þótt konur hafi ekki átt kost á skólagöngu þá er ekki þar með sagt að þær hafi ekki verið skáldmæltar. Þær konur sem höfðu þörf fyrir að skrifa stungu flestar afrakstri sínum niður í skúffu og sjálfsagt hefur flest af því glatast. Fæstar þeirra hafa búist við því að sjá einhvern tímann eitthvað eftir sig á prenti. Ólíklegt er því að þær Rósa og Guðný hafi ímyndað sér að skáldskapur þeirra myndi lifa á vörum þjóðarinnar og að ævisögur þeirra yrðu mörgum yrkisefni.

Jónas Hallgrímsson, sem var samtímamaður Guðnýjar og Rósu, lýsir vel þessu viðhorfi til skáldskapar kvenna í smásögu sinni *Grasaferð*: Sögumaðurinn, sem er ungur drengur í fjallgöngu með frænku sinni sem hann kallar systur, fer með ljóð fyrir hana sem hann hefur þýtt og ort sjálfur. Að lokum fer hann með ljóð sem hann hafði lesið á pappírsbleðli utan um sveskjur sem hún hafði gefið honum. Hún varð sneyppt og rjóð er hún uppgötvaði að hann hafði staðið hana að verki við að semja ljóðið en það var snilldarþýðing á ljóði Schillers, *Meyjargráti*. Hún bað hann um að halda því fyrir sig að hún væri að fást við slíkt því það hefði aldrei þótt prýði á kvenfólki. Hann huggaði hana með því að hann skyldi glaður eigna sér skáldskap hennar í framtíðinni svo hún gæti ótrauð haldið áfram þessu hugðarefni sínu.<sup>69</sup>

Ljóð Guðnýjar, *Endurminningin er svo glögg*, var þó birt í *Fjölni*, árið 1837, að henni látinni og er hún fyrsta konan sem veraldlegt ljóð var birt eftir. Það var birt þar sem andlátstilkynning og var aftast í fréttadálkinum þar sem sagt var frá tíðindum liðins árs. Eftirfarandi frétt skrifaði Tómas Sæmundsson, að því að talið er, í *Fjölni* og þar á eftir birtist ljóðið í heild sinni:

### „Einnar konu er skylt að minnast“

Einnar konu er skylt að minnast meðal þeirra, er önduðust þetta ár, því þó lítt hafi hennar gætt verið – eins og vandi er um konur – voru samt kjör hennar og „gáfur“ íhugunarverðari en almennt er á Íslandi. Það var Guðný, elzta dóttir merkisprestsins á Grenjaðarstað. Hún þótti álitlega gift, er djákninn á Grenjaðarstað, „gáfu“maður og atgjörvis, hafði fengið hennar, og aungvan hafði grunað, að hann myndi sjá sig það um hönd eftir 9 ára samvistir, að hann vildi breyta þessu, eins og hann gerði. Fór hann þá vestur í Húnavatnssýslu, að brauði, sem búið var að veita honum, tók vígslu, og er nú giftur aftur; en hún fór með mági sínum og systur norður á Raufarhöfn, og má vera, að þetta hafi hana til bana dregið, því hún lifði ekki fullt ár á eftir, og sálaðist 11. dag júnímánaðar 1836. Til að sýna „gáfur“ hennar, þarf ekki meira en ljóð þessi, er hún kvað að norðan, til systur sinnar á Grenjaðarstað, skömmu fyrir andlát sitt.

(*Fjölnir*)<sup>70</sup>

<sup>69</sup> Jónas Hallgrímsson. 1945: 29-32.

<sup>70</sup> *Fjölnir*. 1943: 3. [Fært til nútíma stafsetningar].

Þessi frétt segir mikið um hugarfar til kvenna þessara tíma. Eflaust hefur þótt tíðindum sæta að ljóð eftir konu birtist í jafn mikils virtu tímariti og Fjölni sem gefið var út af virtum gáfumönnum sem sömdu sérstaklega greinar og ljóð fyrir þetta tímarit. Samkvæmt kenningu Homans um þá þjóðfélagsmynd sem ríkti þá er vel hugsanlegt að einhverjir hafi líka hneykslast. Einnig er athyglisvert að bent sé á hve skilnaður Sveins, sem var mikils metinn maður í þjóðfélaginu, hafi haft örlagaríkar afleiðingar í för með sér.

Árið 1848 birtist ljóð Guðnýjar *Sit ég og syrgi í Norðurfara* og var þar einnig inngangur um örlög hennar.<sup>71</sup> Bæði þessi kvæði voru birt í heild sinni í blöðunum en við fjöllum nánar um þau síðar í þessari ritgerð. Í *Kvennabladinu* árið 1897 birtist kvæði hennar *Rokkvísur*.<sup>72</sup> „Ljóð Guðnýjar frá Klömbrum biðu síðan prentunar nokkuð á aðra öld, eða allt til ársins 1951 er Helga Kristjánsdóttir frá Þverá gaf þau út undir nafninu *Guðnýjarkver*.“<sup>73</sup> Ljóð Rósu birtust ekki sem eins konar heild á prenti fyrr en árið 1963 í bók Guðrúnar P. Helgadóttur *Skáldkonur fyrri alda II*.<sup>74</sup> Erfitt er hins vegar að segja nákvæmlega til um hvað Rósa hefur ort og hvað ekki.

Þótt lítið hafi verið prentað af ljóðum kvenna gengu þó handrit á milli manna og geymdu mörg þeirra ljóð eftir konur. Helga Kress segir frá því í inngangi ljóðabókar sinnar *Stúlku* að eitt heftið í stóru kvæðasafni Páls Pálssonar stúdents frá síðari hluta 19. aldar bæri meira að segja nafnið „*Kvennaljóðmæli*“ sem sýndi að hugtakið var ekki óþekkt á þeim tíma. Heftið er aftast í safninu en vísað er til þess á forsíðu með orðunum „svo og kvennaljóð – aftan við.“ Það hefur að geyma 64 kvæði eftir skáldkonur frá 18. og 19. öld. Þar eru meðal annars kvæði eftir Guðnýju og Rósu.<sup>75</sup>

Fjölmargar greinar hafa verið skrifaðar um líf og ljóð Rósu og Guðnýjar í blöð og tímarit. Bókmenntafræðingar hafa rannsakað verk þeirra og ber þar hæst Helgu Kress, Tómas Guðmundsson og Guðrúnu P. Helgadóttur. Rósa B. Blöndals og Gísli H. Kolbeins hafa bæði skrifað bækur um ævi Rósu og Birgir Sigurðsson skrifaði leikritið *Skáld-Rósa* sem var sett á svið hjá Leikfélagi Reykjavíkur árið 1997.

---

<sup>71</sup> Helga Kress. 1997a: 29.

<sup>72</sup> Ingileif Jónsdóttir. 1897: 37. Ritstjóri Bríet Bjarnhéðinsdóttir.

<sup>73</sup> Helga Kress. 2000: 69.

<sup>74</sup> Guðrún P. Helgadóttir. 1995: 155-171.

<sup>75</sup> Helga Kress. 1997b: 33. Vitnað í Kvæðasafn Páls Pálssonar stúdents, Lbs. 167, 4to.



## 5 Ljóð Rósu og Guðnýjar

Í *Guðnýjarkveri* sést að Guðný hefur snemma byrjað að setja saman vísur. Fyrstu vísurnar þar eru ortar á æskudögum hennar og eru þær gáskafullar og ungæðislegar. Þar er víða hverdags tilefni gert kátlegt eins og í *Páluvísu* sem hún orti til systur sinnar:

Pála litla, Pála mín,  
Pála þeirra beggja,  
Pála vætir pilsin sín,  
Pála oft af litlu hrín.<sup>76</sup>

Í ljóðinu er hlýja, væntumþykja, stríðni og kátína sem sýnir að á þessum tíma hefur Guðný séð hinar ljósu hliðar tilverunnar enda er hún líklega mjög ung þegar hún yrkir þessa vísu.

Frægasta kvæði hennar fyrir utan harmljóðin er *Rokkvísur*. Vísurnar fjalla um rokk sem Páll, frændi hennar og fósturbroðir, sendi henni frá Kaupmannahöfn þegar hann var þar við nám. Sendingin vakti greinilega mikla lukku hjá ungu stúlkunni og sendi hún honum ljóðið í þakklætisskyni. Ég gríp hér niður í tvö erindi af tíu:

Heldur tók mér að hýrna í sinni,  
hækkaði brún og léttist geð,  
af því að ég á ævi minni  
aldrei þóttist fyrr hafa séð  
svo tígulegan tóskapsrekk  
tilbúinn eftir dönskum smekk.

Hjólið þó mest af öllu eykur  
aðgæzlu, þar af glöggst ég sé,  
í veröld allt á völtum leikur,  
varir stutt gleði og andstreymi.  
Það bærisk alltaf hægt í hring,  
hlutanna vottar umbreyting.<sup>77</sup>

Þetta ljóð er ort undir nafnlausum bragarhætti og eru sex ljóðlínur í öllum erindunum með endaríminu  $a b a b c c$  nema í seinna erindinu sem hér er birt þar sem rímið er  $a b a c d d$ .

Í fyrra erindinu smíðar hún skemmtilega kenningu um rokkinn og vekur með kímni athygli á muninum á innlendri og erlendri handíð. Þótt ljóðið lýsi gleði ungu stúlkunnar yfir því að fá rokkinn þá er undirtónninn alvarlegur. Henni „hýrnar í sinni“ við að fá

---

<sup>76</sup> *Guðnýjarkver*. 1951:42.

<sup>77</sup> *Guðnýjarkver*. 1951: 48-49.

gjöfina og gæti það merkt að hún hafi verið „þung í sinni“ áður. Það þarf þó ekki að vera en í seinna erindinu veltir hún fyrir sér fallvaltleika heimsins og það virðist sem hún trúir eða vilji trúa því að hringformið ríki í heiminum. Gleði og sorgir skiptast á í eilífri hringrás og hún veit að gleðin varir stutt. Þessi hugsun hennar gæti táknað að hún væri að tala í sig kjark og farið væri að örla á þunglyndi og áhyggjum hjá henni. Ljóðið gengur út á að lýsa rokknum og líkir hún honum við undur náttúrunnar: „Sem föli klæddar fjallatypptir / fannhvítur var hann efst að sjá,“ og: „Allt eins og kristalslegir lækir / liturinn er á járnunum.“ Hún persónugerir rokkinn og telur hann hógværan og hljómfagan: „Í honum mikið ekki skrækir / eins og svarfdælsku laupunum / heldur buldrar hann hægt og nett, / heiðrandi þar með sína stétt.“ Rokkurinn með öllum þeim kostum sem hann er búinn líkist þeim er gaf henni rokkinn og er hann meistari smíðarinnar: „Allir kostirnir eru hans / æra og prýði meistarans.“ Ljóðið lýsir gleði yfir gjöfinni og djúpri vinsemd og virðingu fyrir „Pálusi“: „ástvina heill og sómi sé / og sannkallað skraut í ættinni.“

Guðný orti mörg ljóð sem lýstu gleði, eftirvæntingu, sakleysi og náttúrufegurð. Hún orti einnig mikið til skyldmenna sinna eins og brúðkaupsljóð til systur sinnar og ýmsar tækifærisvísur. Þessar vísur eru allar í *Guðnýjarkveri* en Helga Kristjánsdóttir ýjar að því þar að margt hafi glatast af kveðskap hennar, þar á meðal gleðibragur um heimilisfólkið í Stærra-Árskógi, og að faðir hennar gæti hafa látið brenna vísurnar.<sup>78</sup>

Séra Jóni hefur því fundist það líttlækkun fyrir stúlku af virðulegum ættum að yrkja gamanmál. Samt var þetta menningarheimili þar sem börnin voru alin upp við söng og lestur góðra bóka. Þetta segir heilmikið um tíðarandann sem ríkti þá og styður kenningu Homans um að konur áttu að verja tíma sínum í annað og betra en að fást við andleg hugðarefni.

Rósa hefur eflaust sett saman vísur strax í barnæsku, enda var altalað að hún hafi kveðið af munni fram jafnhrott og hún talaði, en engar þeirra hafa varðveist og er örugglega stór hluti kveðskapar hennar glataður og einnig er mjög á reiki hvaða vísur hún orti í raun og hverjar ekki. Ávallt var hætta á að höfundarréttur misfærist. Aðeins þær vísur sem urðu fleygar lifðu en eins og Ögmundur Helgason orðar það: „Til þess að vísur yrðu fleygar urðu þær að hafa eitthvað sem sérstaklega hreif hugann: hitta nákvæmlega á réttan stað og rétta stund og vera að öðru jöfnu vel ortar.“<sup>79</sup>

---

<sup>78</sup> *Guðnýjarkver*. 1951: 112-113.

<sup>79</sup> Ögmundur Helgason. 1989: 362.

Til eru vísur eftir Rósu sem sýna að hún var glettin ekki síður en Guðný og að tvíræðni lék henni vel á tungu, t. d. eftirfarandi braghenda sem hún kvað til manns sem ætlaði að láta hana upp í söðul og tók um hana aftan frá:

Það sér á, að þú ert ungur, því ólaginn,  
frjáltsari tel ég fremri veginn,  
farðu ekki að mér þarna megin.<sup>80</sup>

Einhverju sinni er hún var á ferð um Suðurland með dætrum sínum, Pálinu og Sigríði, orti hún um Heklu. Þar sést hvað hún hefur næmt auga fyrir náttúrunni. Rósa er kímín og persónugerir Heklu í dýrtkveðinni hringhendri ferskeytlu:

Öldruð Hekla er að sjá  
ísa hökli búin.  
Þekkir eklu ei þoku á  
þrifleg jökla frúin.<sup>81</sup>

Þau ljóð sem þær Guðný og Rósa urðu þó þekktar fyrir voru harmljóðin og munu sum þeirra verða skoðuð í köflunum hér á eftir.

## 5.1 Harmljóð Guðnýjar

Í Guðnýjarkveri eru öll þau ljóð sem hafa fundist eftir Guðnýju og er þeim raðað eftir aldri. Er líða tekur á lesturinn þyngjast ljóðin og það er sem dimmur skuggi færast yfir þau. Gáskinn og gleðin yfir hversdagsleikanum eru horfin og alvara lífsins er tekin við með sorg og ástvinamissi. Litið verður á nokkur þessara harmljóða og skoðað hvað býr að baki.

Ljóð Guðnýjar eru ort undir ýmsum háttum en sjaldnast rímnaháttum. Ljóðið *Sorgartölur saknandi móður* orti Guðný að syni sínum, Jóni Aðalsteini, látnum. Ljóðið er 19 erindi og vitnar um sorgarferlið sem móðir gengur í gegnum við banabeð sonar síns og er upphafserindið svona:

Frá því ég heiminn fyrst í réði  
fært hefur reynslan þetta mér:  
Hvaða fögnuður, hvaða gleði,  
hverrar tegundar helzt sem er,  
hvað ágætt, sem í honum finnst,  
hverfur burt, þegar varir minnst.<sup>82</sup>

Þetta ljóð er einnig ort undir nafnlausum bragarhætti og eru sex ljóðlínur í hverju erindi með endaríminu *a b a b c c*. Í upphafi ber á bölsýni og þótt þetta ljóð sé fyrsta

---

<sup>80</sup> Guðrún P. Helgadóttir. 1995: 160.

<sup>81</sup> Guðrún P. Helgadóttir. 1995: 161.

<sup>82</sup> *Guðnýjarkver*. 1951: 65.

harmljóð Guðnýjar svo vitað sé þá hefur hún greinilega upplifað áður vonbrigði og missi. Hún lýsir lánleysi sínu yfir því að allri gleði sem henni hefur verið gefin hafi verið rænt af henni aftur og að fólk sé svipt öllu því sem það elskar í lífinu og bætir við: „En þó geta menn aldrei séð, / ekkert er gefins heldur léð.“ Þannig sé það með soninn sem hún hafði bundið svo miklar vonir við að fá að njóta samvista við í lífinu en honum var þá svipt frá henni í aðra veröld. Ef við höfum í huga sorgarferlið sem þau Kübler-Ross og Kessler rekja þá er Guðný í fyrstu tveimur vísu ljóðsins á höfnunar og reiðistiginu. Erfitt er fyrir hana að horfast í augu við það að drengurinn hennar hafi verið tekinn frá henni og hún er reið æðri máttarvöldum fyrir að vera svona miskunnarlaus.

Í næstu vísu lýsir hún tilfinningum sínum þegar hún situr með sárkvalið hjarta og horfir á líf barnsins síns fjara út: „Ekkert hefur á ævi minni / eins sáran kvalið hjartað mitt / og þegar að ég í síðasta sinni / settist við bana rúmið þitt“. Þarna er hún yfirbuguð og er komin yfir á þunglyndisstigið. Hún snýr sér því næst til Drottins og biður hann um að losa barnið sitt við þrautirnar og sýna honum miskunn: „Eg bað þá guð af öllum mætti / af þér að létta slíkri þín“ og þar er hún komin á samningastigið. Hún veit sem er að ekki verður aftur snúið og því biður hún um að drengurinn fái líkn þrauta sinna því það er sárara en tárur taki að horfa upp á barn sitt kveljast til dauða. Í seinustu vísunum er hún komin á sáttastigið og þótt harmur hennar sé stór og hún fái hvorki lengur að klæða hann í litlu fötin sín né njóta þess að heyra hann tala þá er hún viss um að hann skarti sínu fegursta á himnum og læri þar sitt eigið mál: „Nú lærir andlegt englamál / elskuverð þín hjá guði sál.“ Hún hlakkar til endurfundanna og þakkar honum fyrir að hafa brugðið birtu í líf hennar: „Því ábatinn varð allur þinn / ógleymanlegi sonur minn.“<sup>83</sup>

Guðný leitar huggunar í trúnni og í þessu ljóði kemur guðfræðin sterkt fram. Hún felur Guði drenginn sinn og gerir ráð fyrir því að hann þroskist hjá honum á himnum: „Þá muntu mér sem sonur sýna / sælu og framför alla þá“. Hún mun þá seinna sjá að hann verður: „heilagra fegurð fágaður, / fullkominn vís og dýrlegur.“

Tvö kvæði til viðbótar orti Guðný við fráfall drengsins og er annað þeirra ort í orðastað hans til Hildar móðursystur sinnar. Honum er sem sé falið að hugga frænku sína. Eftirtektarvert er að ljóðið er ort undir fornyrðislagi eddukvæðaháttar og rím þar með ekkert, aðeins ljóðstafir og mál allt einfalt:

---

<sup>83</sup> *Guðnýjarkver*. 1951: 71.

Sé ég þig  
syrgja mig horfinn  
af döprum hug,  
mín dýra fóstur.  
Dyggð veldur ein,  
að drjúpa þér löngum  
heit elskutár  
af hýrum augum.<sup>84</sup>

Eins og Helga Kress bendir á er drengurinn dáinn hér gerður að skáldi en hitt er ekki síður eftirtektarvert að jafnvel buguð af sorg hugsar Guðný um líðan annarra og lætur sig þá varða.<sup>85</sup>

Seinna í ljóðinu er sama trúin og í hinu fyrra: „Heyra og sjá / hér ef þú fengir / sælu þá, / sem mér er gefin,“ og þá myndi hún „gleðjast og hrósa / gæzku föður.“ Hér er það fóstur sem mun gleðjast yfir því að Guð hafi tekið drenginn til sín og veitt honum himneska sælu.

Skömmu áður en Jón Aðalsteinn dó eignaðist Guðný annað barn sitt, dóttur sem Sigríður hét. Hún er því rétt að jafna sig eftir barnsburð þegar fyrsta reiðarslagið ríður yfir.<sup>86</sup> Sigríði missti Guðný árs gamla og nú sest hún enn og aftur og yrkir sorgarljóð um barnið sitt, *Við lát Sigríðar Sveinsdóttur*. Hún grípur á ný til eddukvæðaháttar og yrkir undir fornyrðislagi:

Illu nú grónar  
undir mér blæða,  
þegar Sigríði  
sé ég náfölvu.  
En það skal íhuga,  
að þeim mig hefur  
sá hinn líknsami  
læknir særða.

Þó að ættkvistum  
þeim ég sneyddist,  
mér sem aðstoð  
máttu fyrst verða,  
ei veit nema vaxi  
og að viði gerist  
aðrir sem þeygi  
enn bólar á.<sup>87</sup>

---

<sup>84</sup> *Guðnýjarkver*. 1951: 72.

<sup>85</sup> Helga Kress. 2009b: 42.

<sup>86</sup> *Guðnýjarkver*. 1951: 22.

<sup>87</sup> *Guðnýjarkver*. 1951: 79.

Nú ýfast upp gömul sár því stutt er síðan hún missti drenginn. Andstæðurnar í ljóðinu eru átakanlegar. Það er „hinn líknsami læknir“, Guð, sem særir hana og þegar hún hugleiðir það teflir hún saman öðrum andstæðum, börnunum sem hún hefur misst og því sem hana grunar að hún beri í móðurkviði. Eins og Helga Kress hefur bent á er þetta í fyrsta sinn sem vitað er til að kona yrki opinskátt um barnið sem hún telur sig bera undir belti og heiti á almættið að standa fyrir því að það megi komast til manns.<sup>88</sup>

Hér er sem Guðný sætti sig við gjörðir skaparans og treysti því að hann muni græða sár hennar. Því óskar hún þess að hann færi henni annað barn sem hún geti huggað sig við. Hún semur einnig þakkarljóð til Krístrúnar systur sinnar og þakkar henni fyrir alla þá ástúð og umhyggju sem hún sýndi Sigríði litlu: „Ástúð þá / ég þekki gerla / Sigríði er þú / sýndir litlu“.<sup>89</sup> Í lokaerindi kvæðisins er hún að hugga bæði sjálfa sig og systur sína: „Hyggilega hollt er því, / að hugsa bæði og vona, / þar vér hjörum heimi í, / sem hefur það si svona,“.<sup>90</sup>

Ljóðið *Á heimleið* sem Guðný orti eftir að hafa komið Sigríði dóttur sinni í fóstur að Reykjahlíð er í nokkurs konar þuluformi:

Myrkt er af kvíða.  
Meybarnið fríða  
menn frá mér taka.  
Faðmur er snauður  
alheimur auður  
oft mænt til baka.  
Samt má ei gleyma  
að sonurinn heima  
semur mér yndi.  
Augað hægt grætur  
til alls liggja bætur,  
ef hver það fyndi.<sup>91</sup>

Hér lýsir hún harminum og örvæntingunni yfir því að þurfa að skilja við barnið sitt: „Faðmur er snauður / alheimur auður / oft mænt til baka.“ Hún reynir sem fyrr að sætta sig við orðinn hlut og þakkar fyrir að fá að hafa soninn heima: „Samt má ei gleyma, / að sonurinn heima / semur mér yndi.“ Ekki er hún þó viss um að finna sátt eins og seinustu línurnar bera vitni um: „til alls liggja bætur / ef hver það fyndi.“

Þetta ljóð lýsir vel stöðu Guðnýjar í hjónabandi hennar og Sveins. Þau eru búin að missa tvö börn en hún fær samt ekki að hafa barnið sitt hjá sér því það gæti truflað hana

---

<sup>88</sup> Helga Kress. 1997a: 26.

<sup>89</sup> *Guðnýjarkver*. 1951: 80.

<sup>90</sup> *Guðnýjarkver*. 1951: 82.

<sup>91</sup> *Guðnýjarkver*. 1951: 91.

í heyverkum. Hún þarf að beygja sig undir þessa ákvörðun hans og hefur því greinilega ekkert vald til ákvarðanatöku á heimilinu. Hún er kúguð sem og flestar kynsystur hennar þessara tíma. Einnig er athyglisvert að þeir bragarhættir sem hún notar í ljóðum til dætranna eru einfaldari en þeir sem hún notar í ljóðum til sonar og eiginmanns.

Ljóðið *Endurminningin er svo glögg* orti Guðný á Raufarhöfn, er hún dvaldi þar í nokkurs konar útleigð, og sendi Krístrúnu systur sinni í bréfi. Hér yrkir Guðný enn undir sex línu hætti með endaríminu *a b a b c c* og hefst ljóðið á þessu erindi:

Endurminningin er svo glögg  
um allt það, sem í Klömbrum skeði,  
fyrir það augna fellur dög  
og felur stundum alla gleði.  
Þú getur nærri gæskan mín,  
Guðný hugsar um óhöpp sín.<sup>92</sup>

Ljóðið er tregróf og hún grætur liðna tíma. Í upphafserindi þess ávarpar hún systur sína og nefnir sjálfa sig með nafni: „Þú getur nærri, gæzkan mín, / Guðný hugsar um óhöpp sín.“ Sér til hugarhægðar málar hún mynd í huganum af heimili sínu sem er staðsett á móti húsi systurinnar: „þá er sem málað væri á spjaldi / plássið kæra, sem innfrá er, / frá efstu brún að neðsta faldi, / og blessað rauna byrgið mitt, / sem blasir rétt móts við húsið þitt.“ Hún þráir „rauna byrgið“ sitt og grætur er hún minnst alls þess sem þar gerðist: „fyrir það augna fellur dög / og felur stundum alla gleði.“ Hún rifjar upp bæði góða og slæma tíma þar sem skiptust á skin og skúrir: „Þar var ég bæði þreytt og aum / þungsinna, hress og ánægð stundum,“. Á Klömbrum upplifði hún bæði hið besta með manni sínum og börnum sem og hið versta er hún missti þau frá sér. Hún „græddi þar vin og missti mest,“. Vonirnar hurfu þegar vinurinn brást henni: „inndælar vonir fjúka frá / fellur skemmtunin öll í dá.“ Hún ákallar guð sinn sem fyrr og vonar að hann stilli harmana: „Guð er eins nærri og man til mín / miskunnarríkur harma stillir.“ Í lok kvæðis reynir hún að hughreysta systur sína með því að henni líði vel þrátt fyrir allt: „Guði sé lof, mér líður vel / og langtum betur en huginn vænti,“. Bjartsýnin ræður þó ekki lengi ríkjum því í sama erindi minnst hún á „[...] meinið þungt sem gleði rænti.“ Hún er svartsýn á að finna gleðina enda hefur kvíðinn náð yfirhöndinni og hún hefur misst vonina um að fá börnin til sín á ný: „Vonin og kvíðinn víxlast á, / –veitir honum þó langtum betur,– / hvort börnin muni og megji hjá / mér framar hafa gott aðsetur.“ Ljóðið lýsir örvinglan Guðnýjar er hún hefur misst frá sér heimili, börn og mann og hún

---

<sup>92</sup> *Guðnýjarkver*. 1951: 99.

léttir á sálu sinni með því að tjá systur sinni hug sinn. Vart hefur hana grunað að ári seinna myndi það rata á síðu virts tímarits og að í kjölfarið hugsaði meiri hluti þjóðarinnar um þessi óhöpp hennar og harmaði hversu grimmt örlögin léku hana.

Er Guðný skömmu síðar lá banaleguna skrifaði hún ljóðið *Sit ég og syrgi* og þar tjáir hún sig mjög hreinskilnislega um ást sína til mannsins sem yfirgaf hana. Upphafserindið hljómar svo:

Sit ég og syrgi mér horfinn  
sárt þreyða vininn,  
er lifir í laufgræna dalnum  
þótt látin sé ástin.  
Fjöll eru og firnindi vestra,  
hann felst þeim að baki.  
Gott er að sjá þig nú sælan,  
þá sigrar mig dauðinn.<sup>93</sup>

Háttinn sem þetta ljóð er ort undir sækir Guðný í erfiljóð eftir Bjarna Thorarensen. Hátturinn var nýr hér á landi og er hefðbundinn með stuðlasetningu en án ríms.<sup>94</sup> Í ljóðinu ýmist talar Guðný um mann sinn eða ávarpar hann persónulega. Þetta er hennar uppgjör við hann og tilfinningar hennar sveiflast fram og til baka. Hún ýmist dáið hann og gleðst yfir því að sjá hann sælan í sinni sveit eða álasar honum fyrir að hafa yfirgefið hana og skilið hana eftir með opið hjartasár sem fæst ekki grætt: „sárt réð þig gráta úr garði, / eg græt þig til dauða.“ Hún sér ekki út úr augum fyrir sorg og því verður hvíldin henni kær: „Sorgin mér syrtir í augum, / ég sé ekki að ganga, / en veit að fá eru fetin, / unz fæ að sjá ljósið.“ Hún veltir því fyrir sér hvers vegna ást hans til hennar hvarf og álasar honum fyrir svikin: „Heldur var hart þér í brjósti, að hót ei nam klökkna, / er sviptir mig samvist og yndi, / mér svall það um hjarta.“ Í eilífðinni mun hún brosa að nýju og segir honum að hún muni „Sönginn þann hefja hinn sæla, / er sízt vildir heyra, / þá með þér ég dvaldist í mæðu, / sem mér var þó dulin.“ Þessar línur telur Jón faðir hennar vera óyggjandi sönnun þess að Guðný hafi sjálf ort ljóðið en einhverjir höfðu velkst í vafa um það. Hann segir í bréfi til Gísla Brynjúlfssonar að hún hafi haft unun af því að syngja eitthvað gott og guðrækilegt til að hafa af sér leiðindin og að rómur hennar hafi verið sætur. Sveinn hafi aftur á móti haft óbeit á söng hennar og látið hana merkja það með bítandi orðum.<sup>95</sup> Í lok kvæðisins rifjar Guðný upp að Sveinn hafi þó í fyrstu litið hana hýru auga: „Leizt mig títt ljúfur í hjarta, / ég leit þig á móti“ og hún

<sup>93</sup> *Guðnýjarkver*. 1951: 103.

<sup>94</sup> Helga Kress. 2009b: 53.

<sup>95</sup> Helga Kress. 2009b: 55.



vonar að svo verði aftur í himnavistinni og að þá verði hann henni mildur: „Þú lítur mig loksins á hæðum, / en lýtir þá ekki.“

Í þessu ljóði og fleiri sem hún orti talar hún tveimur röddum. Hún talar sem þæga auðmjúka konan er lýtur samfélagsreglunum en undir niðri kraumar rödd óánægðu konunnar sem reynir að brjótast út úr karlaveldinu og láta í sér heyra.

Í báðum þessum ljóðum er Guðný í hlutverki útlagans og yfirgefnu konunnar sem Lawrence Lipking talar um í bók sinni *Abandoned Women and Poetic Tradition*. Hún er kona og er því valdalaus en sem útlagi hefur hún vald til að brjóta samfélagsreglurnar og hún nýtir sér vald sitt til að tjá harm sinn með orðum. Þessi orð urðu sterk og áhrif þeirra birtust víða og urðu manni hennar eflaust erfið viðfangs.

## 5.2 Harmljóð Rósu

Eins og fyrr sagði voru ljóð Skáld-Rósu ekki gefin út fyrir en Guðrún P. Helgadóttir tók flest þeirra saman og birti í lok kaflans *Vatnsenda Rósa* í bók sinni *Skáldkonur fyrri alda II* sem kom út árið 1995. Fleiri ljóð eignuð henni má þó finna og fann ég meðal annars tvær vísur í *Natans sögu Ketilssonar* eftir Gísla Konráðsson og þær sömu í sagnaþætti Tómasar Guðmundssonar *Þó að kali heitur hver* og mun ég fjalla um þær hér á eftir. Ljóð hennar sem hafa varðveist eru mestmegnis harmljóð og tækifærisljóð. Flest þeirra eru lausavísur en þar er einnig ljóðabréf til Natans og annað ljóðabréf til Pálínu dóttur hennar. Ljóð Rósu eru ævisöguleg eins og ljóð Guðnýjar og flest þeirra tjá sáran harm og miklar tilfinningar. Þau ljóð sem hafa orðið landsfræg eru vísur sem sagt er að hún hafi ort til Páls Melsted í heitu en stuttu ástarsambandi þeirra á ungdómsárum Rósu. Litið er á þær og einnig nokkrar vísur úr ljóðabréfi hennar til Natans, ásamt öðrum kveðskap til hans, og að lokum nokkrar vísur sem hún orti til seinni eiginmanns síns, Gísla. Allar vísur Rósu eru ortar undir rímnaháttum og margar þeirra eru dýrt kveðnar:<sup>96</sup>

Þó að kali heitur hver,  
hylji dali jökull ber,  
Steinar tali og allt hvað er,  
aldrei skal ég gleyma þér.

Verði sjórin vellandi,  
víða foldin talandi,  
hellubjörgin hrynjandi,  
hugsa ég til þín stynjandi.<sup>97</sup>

<sup>96</sup> *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. 2008: 63. Jakob Benediktsson ritstýrði. Notað um rímafrígríði í kveðskap þar sem beitt er margs konar innrími.

<sup>97</sup> Guðrún P. Helgadóttir. 1995: 156.

Þessar vísur eru ferskeytlur og er sú fyrri hringhend. Hljómtengslin í henni eru mögnuð og hún heldur þeim í gegnum alla vísuna, kali, dali, tali, allt, aldrei, skal. Einkennandi fyrir hringhenduna er að hún hefur bæði miðrím og endarím. Rósa notar í báðum vísunum sterkar andstæður úr náttúrunni til að lýsa tilfinningum sínum. Geðshræringin er svo mikil að allt fer á hvolf: „Steinar tali og allt hvað er, / aldrei skal ég gleyma þér.“ Líkingarnar úr náttúrunni eru jafn sterkar og ást hennar til piltsins: „hellubjörgin hrynjandi, / hugsa ég til þín stynjandi.“ Talið er að þessar vísur hafi Rósa ort til Páls Melsted er hún var sautján ára gömul. Hvort sem hún bar þá von í brjósti að samband þeirra gæti lifað eður ei þá er augljóst að þarna talar ástfangin stúlka. Heitari ást er varla hægt að tjá nokkrum manni enda lifa þessar vísur enn þann dag í dag og þykja með fallegri ástarljóðum sem ort hafa verið á íslenska tungu:

Augað mitt og augað þitt,  
og þá fögru steina  
mitt er þitt, og þitt er mitt,  
þú veizt, hvað ég meina.<sup>98</sup>

Ekki eru allir á eitt sáttir um hvernig þessi vísa á að vera né af hvaða tilefni hún er ort. Eins og hún er hér skrifuð er hún í bókunum *Skáldkonur fyrri alda* eftir Guðrúnu P. Helgadóttur og í *Sögunni af Natan Ketilssyni* sem skrifuð var af Gísla Konráðssyni og þar segir að vísan hafi líklega verið við barn kveðin.<sup>99</sup> Svo segir einnig í bókinni *Skáld-Rósa* eftir Gísla Kolbeins og þar er vísan skrifuð á þessa leið: „Augun mín eru eins og þín / með ofurlitla steina. / Ég á þín og þú átt mín. / Þú veist hvað ég meina.“<sup>100</sup>

Í sagnaþættinum *Þó að kali heitur hver* telur Tómas Guðmundsson að vísan sé kveðin til Páls Melsted á þeim tíma er þau Rósa áttu í ástarsambandi. Hann skrifar vísuna svona: „Augun mín og augun þín, / ó, þá fögru steina. / Mitt er þitt og þitt er mitt – / þú veizt, hvað ég meina!“<sup>101</sup> Ólína Þorvarðardóttir telur að fyrstnefnda vísan sé rétt enda sé hún ort undir dæmigerðum ferskeyttum hætti með víxlrími og því verði fyrsta og þriðja lína að ríma saman svo og önnur og fjórða lína.<sup>102</sup>

Þessi vísa lifir enn góðu lífi meðal þjóðarinnar og ef til vill ekki síst fyrir tvíraðnina sem í henni býr. Síðasta línan er einmitt einskisverð nema vísan sé tvírað vísa milli elskenda og er því ólíklegt að hún sé saklaust tal til barns. Trúlegra er að hún

<sup>98</sup> Guðrún P. Helgadóttir. 1995: 155.

<sup>99</sup> Gíslí Konráðsson. 1892: 72-73.

<sup>100</sup> Gíslí H. Kolbeins. 2007: 93.

<sup>101</sup> Tómas Guðmundsson. 1999b: 28-29.

<sup>102</sup> Ólína Þorvarðardóttir. [http://olinathorv.blog.is/blog/olinathorv/entry/308105/\\_sött](http://olinathorv.blog.is/blog/olinathorv/entry/308105/_sött) 20. október 2011.

sé tal á milli elskenda sem hafa deilt lystisemdum líkama hvors annars og getur fólk ráðið í hvað steinarnir og augun þýða í því sambandi.

Talið er að eftirfarandi vísur hafi Rósa ort til Páls er henni var orðið ljóst að hann ætlaði sér að taka amtmannsdótturina fram yfir hana:

Augað snart er tárur tært,  
tryggð í partast mola,  
mitt er hjartað sárum sært,  
svik er hart að þola.

Trega ég þig manna mest  
mædd af táraflóði,  
ó, að við hefðum aldrei sézt,  
elsku vinurinn góði.<sup>103</sup>

Í fyrri vísunni sjáum við aftur hringhendur með hin mögnuðu hljómtengsl sem hún beitti: snart, tært, partast, hjartað, sært, hart. Þarna er hún einnig með bæði miðrím og endarím eins og einkennandi er fyrir þann hátt. Þessar vísur lýsa óbærilegri sorg ungu stúlkunnar sem hefur misst frá sér þann ástvin er hún þráði mest. Í fyrri vísunni ásakar hún hann um tryggðarof og svik: „mitt er hjartað sárum sært, / svik er hart að þola.“ Í seinni vísunni er meiri uppgjöf, hún óskar þess að örlögin hefðu ekki leitt þau saman: „ó, að við hefðum aldrei sézt, / elsku vinurinn góði.“ Hún gerir sér eflaust grein fyrir því að fátæk bóndadóttir má sín lítills í samkeppni við amtmannsdóttur sem getur fært manni sínum allar heimsins lystisemdir. Hún grætur í báðum vísunum sem er einkennandi fyrir tregróf kvenna.

Seint á ævikvöldi þeirra Rósu og Páls er sagt að þau hafi hist á fönnum vegi en hann ekki þekkt hana, enda hún orðin lúin og þreytt af striti hversdagsins. Hún hafi þá kastað fram þessari vísu:

Man ég okkar fyrri fund,  
forn þó ástin réni.  
Nú er eins og hundur hund  
hitti á tófugreni.<sup>104</sup>

Hún á ennþá sínar minningar um þetta ástarsamband sem olli henni sárri hjartasorg en hún er honum löngu gleymd og ekki er að furða þótt það hafi sært stolt hennar. Hann gerði hana útlæga úr hjarta sínu endur fyrir löngu og hér sannaðist það fyrir henni að hann hefur lítt hugsað um afdrif hennar síðan.

---

<sup>103</sup> Guðrún P. Helgadóttir. 1997: 155-156.

<sup>104</sup> Tómas Guðmundsson. 1999b: 47.

Tvennum sögum fer af því hvort hún hafi ort eftirfarandi vísu um Pál eða Natan:

Langt er síðan sá ég hann,  
sannlega fríður var hann.  
Allt, sem þrýða má einn mann  
mest af lýðum bar hann.<sup>105</sup>

Rósa B. Blöndals telur að Rósa hafi ort vísuna um Pál er hún minntist hans síðar á ævinni.<sup>106</sup> Í *Natans sögu Ketilssonar* er hins vegar sagt að Vatnsenda-Rósa hafi ort hana er hún frétti lát Natans.<sup>107</sup> Líklegra er þó að hún hafi verið ort til Páls því Tómas Guðmundsson segir: „Orð var á því gert að jafnan hefði Rósa minnzt Páls vinsamlega, er hún heyrði hans getið, og borið honum hið bezta vitni.“<sup>108</sup> Eftirfarandi vísa er einnig ort um Pál og styður hún orð Tómasar um hversu fallega Rósa minntist hans ávallt:

Engan leit ég eins og hann,  
álmahreyti hjarta.  
Einn guð veit, ég elskaði hann  
af öllum reit míns hjarta.<sup>109</sup>

Í þessari hringhendu notar Rósa kenninguna „álmahreyti“ og blómað mál með „reit míns hjarta“ til að ná innríminu og telur Rósa B. Blöndals slíkan kveðskap vera einstakt tilfalli í ljóðagerð hennar um Pál. Hún lítur reyndar blómaða málið hornauga eins og lengi var gert og talar um „reit“ sem hjálparorð.<sup>110</sup>

Sá karlmaður sem hún orti næst til var Natan Ketilsson og stóð ástarsamband þeirra í nokkur ár og þar fékk hún útrás fyrir sínar miklar ástríður.

Hún kvað eitt sinn til Natans – með nokkrum ýkjum:

Ég ann þér, meðan í æðum mín  
einn blóðdropi kvikar.

Og hann svaraði – með líkingu sem kallast má flest annað en lítillæti:

Sannlega hefir sálin þín  
sopið á vísdomsbikar.<sup>111</sup>

Ef til vill er þessi vísa dálítið dæmigerð fyrir þau. Hún lýsir ást sinni og taumlausum ástríðum en hann svarar henni á spjátrungslegan hátt og segir hana hafa valið vel.

---

<sup>105</sup> Guðrún P. Helgadóttir. 1997: 155.

<sup>106</sup> Rósa B. Blöndals. 1989: 47.

<sup>107</sup> Gísli Konráðsson. 1892: 60.

<sup>108</sup> Tómas Guðmundsson. 1999b: 45.

<sup>109</sup> Rósa B. Blöndals. 1989: 113.

<sup>110</sup> Rósa B. Blöndals. 1989: 113.

<sup>111</sup> Guðrún P. Helgadóttir. 1995: 157.

Fræg er vísan sem Rósa sendi Natani er hann var fluttur að Ketilsstöðum og hún hafði fætt soninn og skírt hann Rósant Berthold:

Seinna nafnið sonar þíns  
sífelld þig á minni,  
að oft var fáklædd eyja líns  
upp í hvílu þinni.<sup>112</sup>

Vísan sýnir mikla dirfsku og kímileg er líka kenningin sem valin er með orðinu „fáklædd“. Hér er horfið sakleysið og æskublóminn sem einkenndi ljóð ungu stúlkunnar til draumapiltsins forðum daga og við eru tekin ljóð sem bera þess merki að konan hafi uppfyllt langanir sínar og þrár.

Þegar Natan yfirgaf Rósu skrifaði hann henni bréf og hefur líklega fundið henni margt til foráttu því hún virðist vera að svara því í 45 erinda ljóðabréfi sínu til hans: „Þér ég skildar þakkir kann / þitt fyrir síðast tilskrifid.“ Í ljóðinu má sjá reiða og bitra konu tala. Hún er ósátt við örlög sín og grátur hennar er sár. Hún sveiflast í róti tilfinninganna og fær mikla útrás fyrir reiði sína. Hér talar yfirgefin kona við elskhugann og opnar allar flóðgáttir hugans. Hún fer á flest öll stig sorgarinnar sem áður hefur verið fjallað um. Í fyrstu er hún í afneitun vegna undrunar sinnar. Síðan tekur þunglyndið við er hún áttar sig á afleiðingunum og brýst það út í reiði fyrir að valda henni þessu hjartasári. Á tímabili örlar á sátt er hún segir Natani að hann megi unna annarri konu og hún skuli bera sinn „raunahrís“. Hún fer þó varla á viðurkenningarstigið því hún er viss um að hún verður óhamingjusöm til æviloka og sættir sig því ekki við þessi örlög.

Í upphafi segir hún bréfið ekki vera í samræmi við síðustu viðskipti þeirra: „Um ógeðfelldu orðin þar, / út sem skipti höndin þín, / aldrei meiri undrun var / inntakandi sálu mín.“ Hún spyr hann: „Hvernig gatzu, – er það eitt / undrun stærstu gegnandi, – / sjálfur mér það sárið veitt, / sem ei græða ert megnandi?“ Hún segir hann vita hversu heitt hún unni honum og að hann óski þess að öll hans „töpuð elskuhót“ við sig kvelji hana en það muni verða hennar stærsta gæfa að berjast: „þínum vilja þvert á mót“. Hún kveðst hafa sett allt að veði fyrir hann: „Ektaskapar æru og trú“ og liðið fyrir hann fyrir litningu og háð annarra: „forakt lýða og hinna spé.“ Rósu hefur sennilega ekki grunað að eftirfarandi orð hennar gætu seinna staðið sem eftirmæli um Natan: „Ó, hvað hefur orðið þér / agnið tálbeitt Kiðjaskarðs.“ Hún segist gera sér grein fyrir því að hann sé vanur að neyta forboðinna ávaxta: „eta tamt er orðið þér / af forboðnu greinunum.“

---

<sup>112</sup> Guðrún P. Helgadóttir. 1995: 140.

Hún óskar þess að við neyslu þeirra geti engin kona veitt honum sælu: „ef aldrei veitti víf þér trú, / veit eg eitt það gleddi mig.“ Hún er hrygg í huga og skilur ekki hvers vegna hún er að trega hans svikulu sál: „Til hvers skal að trega mér / tryggðalausú sálu þín?“ En samt muni hún trega hann „endadægri hinnta að.“ Í bréfinu kemur fram að hún álíti að Þóranna Rósa sé dóttir hans og er það ekki ólíklegt því hann hefur þegar tekið hana í fóstur þegar þetta er skrifað: „Ef veita ei Nöfnu vilt forsvar, / víðfrægist þinn heiður enn: / því ykkar tengdir óduldar / allir vita guð og menn.“ En þó að hún leggi á hann ákvæðisorð: „allar snótir ætíð þín / illa njóti fyrr og síð“ þá segist hún munu bera harm sinn í hljóði jafnvel þótt hann unni annarri konu og segir: „Enn sem fyrri er ég þín, / ástum bundin geðs um rann.“ En hún sé samt konan „er ævilangt, ef ekki meir, / ófarsæla gjörðir þú, –“. Rósa lýkur bréfi sínu með þessari vísu:

hver þér frammar öllum ann,  
og ill þú skaptir forlög sín  
og sem gleyma aldrei kann  
óðauðlegum svikum þín.<sup>113</sup>

Flestum ber saman um að kveðskapur hennar í þessu ljóðabréfi sé lakari en fyrri kveðskapur hennar. Hún heldur sig við ferskeytluformið en hér er ekki jafn dýrt kveðið og í þeim vísu er varðveist hafa eftir hana um Pál.

Rósu var greinilega mjög brugðið við fréttirnar um andlát Natans og sést það best á þeim vísu er hún orti til hans. Talið er að þær séu fimm sem hafa varðveist en hér verða þrjár þeirra sýndar:

Hefi ég lengi heimsfögnuð  
haft og gengið bjarta,  
nú veit enginn utan guð,  
að hvað þrengir hjarta.<sup>114</sup>

Angurs stranga leið er löng,  
lengi strengist mæðan ströng,  
mig langar þaðan geðs um göng,  
sem gengur að mengi engin þröng.<sup>115</sup>

Mjög á lemur mæðan stíf  
mér frá nemur gleði og hlíf.  
Neyð svo kremur kvalið víf  
að kýs nú fremur dauða en líf.<sup>116</sup>

<sup>113</sup> Guðrún P. Helgadóttir. 1995: 170.

<sup>114</sup> Guðrún P. Helgadóttir. 1995: 157.

<sup>115</sup> Gísli Konráðsson. 1892: 60.

<sup>116</sup> Tómas Guðmundsson. 1999b: 62.

Í öllum vísunum notar Rósa hljómtengsl innríms. Fyrsta vísan er hringhend ferskeytla en hinar eru hringhendur stafhendur sem einkennast af runurími. Í miðvísunni eru hljómtengslin mögnuð og hún notar þau í gegnum alla vísuna. Endarím notar hún alls staðar en það verður áhrifameira þegar hún notar það með sömu hljómtengslum í öllum línunum eins og hún gerir í annarri og þriðju vísu.

Reyndar er misjafnt eftir heimildum hvaða vísur Rósa á að hafa kveðið eftir lát Natans. Samkvæmt bókinni *Skáldkonur fyrri alda* á hún að hafa kveðið þá fyrstu, ásamt fleiri sem ekki eru birtar hér, en aðra vísuna eftir fæðingu Súsönnu þegar hún varð ber að hórðómi. Í *Natans sögu Ketilssonar* er sagt að hún hafi ort fyrstu og aðra vísuna ásamt þeirri fyrrnefndu: „Þegar síðast sá ég hann“ en í sagnaþætti Tómasar Guðmundssonar er sagt að hún hafi þá ort aðra og þriðju vísuna.<sup>117</sup>

Hversu margar sem vísurnar voru er augljóst að geðshræringin var mikil. Ef hjartað var kramið áður þá var það sprungið núna. Aðeins Guð veit hvernig henni líður og mæðan er mikil. En þótt hún gráti brotthvarf elskhugans í annað sinn í lífinu og hafi um harm sinn stór orð höfðu þau ekki jafn mikil áhrif á fólk og vísurnar sem hún kvað í fyrra sinnið. Þessar vísur urðu ekki fleygar eins og hinar enda vantar í þær innileikann, fegurðina og sakleysið sem einkenndi hinar vísurnar.

Nokkrar vísur eru til sem Rósa orti til Gísla, seinni eiginmanns síns, og kveður þá við nýjan tón hjá henni. Hún er ekki lengur í hlutverki yfirgefnu konunnar heldur þeirrar afbrýðissömu. Gísli var níttján árum yngri en hún og drykkjuskap hans fylgdi oft kvensemi sem Rósu fannst erfitt að þola. Hún var tekin að reskjast og gæti hafa fundið til vanmáttar síns andspænis yngri konum. Í *Natans sögu Ketilssonar* eru þessar vísur:

Opt til veiða Venusar  
vopna meiða fjöldinn,  
upp á heiði hafssólar  
herða reið á kvöldin.

Hvað er að tala um þegna þá,  
þeir fara burt á kvöldin,  
hvolfandi sér ofan á  
Amors stórkeröldin.<sup>118</sup>

<sup>117</sup> Tómas Guðmundsson. 1999b: 62. Í *Natans sögu Ketilssonar* er þriðja línan í fjórðu vísu þannig: „mig langar þangað geðs um göng“ og í sagnaþætti Tómasar Guðmundssonar er önnur línan í þeirri vísu: „lengi þrengist mæðan ströng“ og sú þriðja: „Mig langar þangað geðs um göng“.

<sup>118</sup> Gísli Konráðsson. 1982: 73. Þessar vísur eru ekki í bókinni *Skáldkonur fyrri alda* en þær eru báðar í sagnaþætti Tómasar Guðmundssonar og þar eru þær svona: Oft á veiðar Venusar / vopnameiða fjöldinn / upp á heiðar hafssólar / hefja reið á kvöldin. Hvað á að segja um þegna þá, / er þamba bjór á kvöldin / og sér svo hvolfandi ofan á / Amors stór-keröldin?

Báðar vísurnar eru ferskeytlur og er sú fyrri hringhend og þar er hún enn með hljómtengslin sem hún beitir svo oft en ekki í þeirri seinni. Ef við gefum okkur að vísan sé rétt í *Natans sögu Ketilssonar* þá er hún með *op* hljóðin þau sömu í fyrstu tveimur línunum.

Fyrri vísan ber reyndar ekki neinn vott um að ósætti hafi verið á milli þeirra hjóna nema Rósa noti skáld-fleirtölu um mann sinn einn. Í vísunni er brugðið upp mynd af náttúrunni en ekki er vitað hvert tilefnið var. Sú seinni ber það aftur á móti með sér að Rósa hafi ekki verið alls kostar sátt við drykkju og kvennafar bónda síns og þar vitna stórkarlaleg líkindin sennilega ekki bara um hún heldur líka særindi. Eftirfarandi vísu á Rósa líka að hafa ort um Gísla er hún sá hann heilsa stúlku nokkurri með kossi:

Hennar síðu, líf og lær  
lundur skíða þekkir,  
mestu blíðu mengrund nær,  
mér ofbýður, hvað hún fær.<sup>119</sup>

Í þessari vísu sem er hringhend stafhenda er hún enn og aftur með hljómtengslin í innríminu en hún er þarna með óreglulegt endarím þar sem hún notar *i* í stað *æ* og er það frekar óvanalegt í hennar kveðskap.

Rósa var greinilega ekki sátt við sinn hlut í þessu hjónabandi, allavega ekki á þeim stundum er hún kvað slíkar vísur sem bera vott um vantraust til elskhugans. Hennar tilfinningalíf var brotið og stoltið sært. Hún þurfti að deila ást elskhugans með öðrum konum og því var hún að vissu leyti í hlutverki útlagans, samkvæmt kenningu Lipkings, þótt hún hefði ástvininn enn hjá sér. Þessi hnarreista djarfa kona var því orðin hokin á sál og líkama er líða fór á ævi hennar. Sambönd hennar við ástmennina höfðu tekið sinn toll af sjálfstrausti hennar og lífsgleði. Hún sendi samt birtu og yl inn í margan bæinn með ljóðum sínum og var virt um land allt fyrir skáldskap sinn, glaðværð og góðmennsku þótt hún hafi margan hneykslað með djörfung sinni í karlamálum.

---

<sup>119</sup> Guðrún P. Helgadóttir. 1995: 161.



## 6 Hvernig miðluðu þær Rósa og Guðný harmi sínum?

„Konur hafa alltaf ort ævikvæði og þær gera það langt fram á tuttugustu öld, ef þær gera það þá ekki enn. Uppruna þeirra má rekja allt til hetjukvæða Eddu þar sem Guðrún Gjúkadóttir, Brynhildur og Oddrún eru láttnar rifja upp ævi sína og segja frá henni í fyrstu persónu.“<sup>120</sup> Þessi kvæði eru tregróf og þykir ekki karlmannlegt að yrkja slík kvæði enda yrkja þeir þá í orðastað kvenna ef þeir vilja tjá sig um yfirgefningu samkvæmt kenningum Lawrence Lipking.

Þótt konur hafi ávallt ort ævikvæði er ekki þar með sagt að þau hafi verið birt fyrir en löngu seinna er þau fundust í bréfum og handritum sem höfðu varðveist.

Ljóð Guðnýjar urðu vinsæl meðal kvenna um allt land og gengu á milli þeirra í ótal uppskriftum. Þær fundu í þeim brot af sinni eigin þögguðu sögu.<sup>121</sup> Í kvæðum hennar upplifa þær eigin sorgir og söknuð. Hún ljær þeim rödd sem þær höfðu ekki haft áður. Harmsaga hennar skipti máli og stórt skref er stigið þegar ljóð eftir hana birtist á prenti í virtu tímariti. Þótt það eigi ekki sæti á sama stað í tímaritinu og ljóð karlskálda eins og Bjarna Thorarensen og Jónasar Hallgrímssonar þá markar þetta tímamót í jafnréttisbaráttu og viðurkenningu á skáldheimi kvenna sem hafði verið lítill sem enginn fram að þessu.

Guðný tjáir harma sína á hreinskilinn hátt. Hún leiðir lesandann með sér í gegnum allt sorgarferlið. Hún grætur fram ljóðin er hún missir börnin sín og hún sveiflar lesendum með sér á öll svið tilfinninganna. Nístandi sársaukinn kemur greinilega fram og hún notar myndmál mikið. Hún bregður upp myndum í huga lesanda af börnunum þjáðum og látnum í vöggum sínum. Hann sér hana sitja sárkvalda við banabeð þeirra og þjáist með henni. Sömu sögu er að segja um saknaðarljóðin hennar eftir viðskilnaðinn við eiginmann og börn. Nístandi þjáning hennar og örvænting skila sér vel til lesanda. Hún syrgir af einlægni og hann skynjar uppgjöf hennar. Hún hefur misst allt það sem er hjarta hennar kærast og hún er orðin útlagi í jaðri samfélagsins. Hún leitar á náðir Drottins og dauðinn er hennar líkn. Í eilífðinni mun ástvinurinn líta hana aftur ljúfum augum og því mun hún fara þangað með bros á vör.

Í ritgerð sinni *Líf og ljóð*, Guðný Jónsdóttir frá Klömbrum, líkir Helga Kress Guðnýju við ímyndaða systur Shakespeare í bókinni *Sérherbergi (A room of One's Own, 1929)* eftir Wirginu Woolf. Þessi ímyndaða systir hefði líklega haft sömu

---

<sup>120</sup> Helga Kress. 2009a: 148.

<sup>121</sup> Helga Kress. 2009a: 149.

hæfileika og hann en af því að hún væri kona hefði hún enga möguleika átt til að nýta sér þá nema gjalda fyrir það með lífi sínu, heilsu eða viti. Þessa ímynduðu systur áttum við og hún var Guðný Jónsdóttir frá Klömbrum sem galt fyrir hæfileika sína með lífinu.

<sup>122</sup> Ung sveitastúlka að norðan sem sagði alþjóð sögu sína og leiddi hana inn í harðan heim kvenna í upphafi 19. aldar. Hún komst fyrir vikið á skáldabekk sem ekki var auðvelt fyrir konur þessara tíma. Gjaldið var hátt en minningin um sorgleg örlög ungrar eiginkonu og móður lifir.

Rósa miðlar harmi sínum á annan hátt en Guðný. Sá kveðskapur sem hefur varðveist eftir hana er aðallega stökur og lausavísur fyrir utan ljóðabréfið til Natans og ljóðabréfið til Pálínu. Kvæði hennar má þó telja til ævikvæða þar sem hún talar í þeim sjálf og segir frá tilfinningum sínum. Í ástar- og harmkvæðunum annað hvort ávarpar hún elskhugann eða fjallar um hann. Stökunum virðist hún kasta fram í hita augnabliksins og vissulega eru tilfinningar hennar heitar. Í vísunum sem hún yrkir til Páls má sjá merki óeigingjarnrar ástar og tilbeiðslu.

Í vísunum til Natans krauma sterkar tilfinningar og líkamleg þrá. Þar fer ekki á milli mála hversu djörf Rósa er í ástamálum og í ljóðum sínum viðurkennir hún ótryggð við eiginmanninn og kemur upp um faðerni barna sinna. Hún lætur sig litlu skipta álit eiginmanns og alþýðu og er tilbúin að fórna öllu fyrir ástina. Í ljóðabréfinu til Natans sjáum við inn í sálarlíf hennar er hann yfirgefur hana. Hún ásakar hann um svik og hellir úr skálum reiði sinnar. Hún er örvæntingarfull og einmana og veit að hún hefur lokað öllum dyrum að baki sér. Hún getur ekki unnt honum þess að njóta annarra kvenna og vonar að hann geti ekki veitt þeim sælu. Hún er vissulega örvæntingarfull og harmi lostin en hér er ekki um uppgjöf að ræða eins og í ljóðum Guðnýjar og hún sýnir ekki ástvini sínum þá auðmýkt sem Guðný gerir í sínum ljóðum.

Í ljóðum Rósu til Gísla skynjar þó lesandi niðurlægingu hennar og reiði er Gísli lítur til annarra kvenna og í þeim er meiri auðmýkt að finna en í ljóðum hennar til hinna elskhuganna. Hún finnur til aldurs síns og veit að hún þarf að lúta í lægra haldi fyrir honum. Þar örlar frekar á uppgjöf, hún veit sem er að hún vinnur ekki þessa baráttu og sættir sig við örlögin.

Í öllum þessum ástarsamböndum er hún yfirgefin en tjáning hennar er ólík. Hægt er að rekja þessa tjáningu til hinna misjöfnu sambanda hennar á ólíku æviskeiði. Hinar hreinu og tæru tilfinningar til fyrstu ástarinnar í sakleysi og bjartsýni ungdómsins. Hinar

---

<sup>122</sup> Helga Kress. 1997a: 23-24.

djörfu tilfinningar þroskaðrar konu til forboðinnar ástar og mæddar tilfinningar svikinnar konu sem má muna sinn fífil fegri.

Þær Guðný og Rósa eiga það sameiginlegt að í ljóðum þeirra beggja eru þær í hlutverki yfirgefnu konunnar sem talar til elskhugans eins og hann sé nærstaddur og verður því þögn hans andstæða við orðaflaum hennar sem að mati Roland Barthes er eitt aðaleinkenni orðræðu ástarinnar.<sup>123</sup>

Kenning Lipkings á einnig vel við þær Guðnýju og Rósu því sem útlagar snúa þær vörn í sókn með því að deila reynslu sinni í ljóðum og fyrir vikið verða þær dáðar og virtar í hlutverkum sínum og skapa sér nöfn í bókmenntasögunni.

Túlkun þeirra beggja er raunsæisleg og lýsir líðan þeirra og ástandi eins og það var á þeim tíma er þær ortu ljóðin. Til að ná áheyrn almennings þurftu þær að hafa eitthvað sérstakt við tjáningu sína og gerðu þær það í formi lítilmagnans sem Guðný var í samanburði við eiginmanninn sem öllu réði og Rósa í formi uppreisnarseggsins sem sagði samfélaginu stríð á hendur í að minnsta kosti viðhorfi almennings til sambands karla og kvenna.

---

<sup>123</sup> Helga Kress. 2000: 255.

## 7 Lokaorð

Í ritgerðinni hefur verið fjallað um líf og ljóð þeirra Guðnýjar og Skáld Rósu sem uppi voru á fyrri hluta 19. aldar. Þær voru mörgum góðum hæfileikum búnar og báðar glæsilegar og gáfaðar en líf þeirra beggja varð harmsaga vegna svika ástmanna þeirra og annarra sorga. Litið var á helstu atvik í lífi þeirra og má lesa út úr þeim að þær voru mjög ólíkir persónuleikar og brugðust þær misjafnlega við sorgum sínum. Guðný var manni sínum undirgefin og virðist hvorki hafa haft kraft né ef til vill vilja til að takast á við sínar sorgir. Hún gefst upp og leitar á náðir himnaföðurins því hún sér enga aðra leið. Rósa virðist aftur á móti aldrei bugast þótt sorgin sé sár. Hún hefur kjark til að horfast í augu við heiminn og lætur sig litlu varða álit annarra sem er nokkuð sérstakt fyrir konur þessara tíma þar sem karlaveldið var allsráðandi. Þær ólust upp við það að staða konunnar væri að sinna börnum og búi og að öll andans mál væru karlmannsins að annast. Þær fengu þó báðar góða bóklega fræðslu í æsku og bjuggu vel að henni þótt ekki fengju þær að ganga menntavegin.

Þær leituðu sér báðar huggunar í því að yrkja um örlög sín en þar sem þær voru óskólagengnar og ekki tíðkaðist þá að konur kæmu skáldskap sínum á framfæri bjuggust þær varla við að ljóð þeirra yrðu landsfræg. Guðný braut blað í sögu kvenna er ljóð eftir hana birtist í Fjölni og vakti það að vonum mikla athygli enda höfðu karlar setið einir að því að fá ljóð sín útgefin. Það varð til þess að litið var á stöðu kvenna í nýju ljósi. Örlög þeirra skiptu máli og þær höfðu öðlast rödd sem jafnvel var hlustað á. Þær Guðný og Rósa skópu sér sess í bókmenntasögunni með því að deila sinni sáru lífeynslu með þjóðinni og sýna fólki inn í hugar og reynsluheim kvenna þessara tíma. Þær ruddu brautina fyrir kynsystur sínar og segja má að þær hafi verið nokkurs konar rauðsokkur 19. aldarinnar.

Þær reistu sér minnisvarða í skáldheimi Íslendinga en báðar hvíla þær í grafreitum fjarri ættingjum sínum og vinum og er það nokkuð kaldhæðnislegt í ljósi þess að þær voru nokkurs konar útlagar í lifanda lífi þar sem þær voru yfirgefnar af ástvinum sínum. Minningu þeirra hefur þó verið haldið á lofti meðal annars með því að *Kvennabandið*<sup>124</sup> setti veglegan legstein á leiði Rósu árið 1965 og haldin var þá minningarathöfn um hana að viðstöddu fjölmenni. Munnmælasögur sögðu að áður en honum var komið fyrir hafi

---

<sup>124</sup> Sv. P. 1965: 3. *Morgunblaðið*. [*Kvennabandið* er samband kvenfélaga í Vestur-Húnavatnssýslu].

margar konur tyllt sér á þúfu hennar til að þrjóna og fá yfir sig skáldskaparandann.<sup>125</sup> Ekki er vitað til þess að nýjum legsteini hafi verið komið fyrir á leiði Guðnýjar en að minnsta kosti eitt gott skáld hefur fengið innblástur á hennar leiði og lýk ég þessari ritgerð með því að vitna í ljóð Sigurðar Pálssonar:

Hvíldarbekkur

Mosavaxinn skáhallandi legsteinn  
á leiði hennar  
sem ljóðin orti  
og úr harmi sprakk  
fyrir vel rúmri öld

Ungum var mér það ekki kunnugt

Löngum var mér legsteinninn sá  
ljúfur hvíldarbekkur  
fyrir dagdraumasþunann

Mosinn útmáir letrið  
Mosinn grænn og mjúkur  
Marmarinn glansandi harður  
Fáguð eilífðarharkan  
Mjúk lífsáráttan  
Draumaflugið<sup>126</sup>

(Sigurður Pálsson)

---

<sup>125</sup> Gísli H. Kolbeins. 2007: 264-267. Haft er eftir „Gunnú Krúsu“ vinnukonu á Efra-Núpi að í virðingarskyni við Rósu hefðu konur þar á bæ gjarnan sest með þrjónana sína á þúfuna sem var leiði hennar. Hún gerði það sjálf fram í háa elli.

<sup>126</sup> Sigurður Pálsson. 1982: 50.

## 8 Viðaukar

### 8.1 Viðauki I

(Lbs. 2252, 4to)

#### **Ævisögudrög síra Sveins Níelssonar eftir sjálfan hann. Eiginhandarrit.**

Sveinn Níelsson er fæddur að Kleyfum í Gilsfirði 14. ágúst 1801. Foreldrar hans voru Níels; hans fadir, Sveinn, orðlagdr orku – hagleiks – og vitsmunamadr sem bjó yfir 30 ár að Kleyfum í Gilsfirði; hans fadir Sturlaugr, er bjó á Fremri brekku í Saurbæ, hans fadir Pétur, hans fadir Sturla er bádir þjuggu á nýnefndri jördu. Módir Sveins Sturlaugssonar, og kona Sturlaugs, hét Jóhanna, hennar fadir var Ólafur Arnbjarnarson á Frakkanesi, lángrafi auka lögmans Eggerts Ólafssonar – Móðir Níelsar, kona Sveins Sturlaugssonar hét Guðrún, laundóttir Ólafs hreppstjóra Björnssonar á Hvítadal í Saurbæ, Guðlaugssonar, Magnússonar, módir hennar hét Þuríður Tómasdóttir. Kona Níelsar, módir Sveins hét Sezelja; hennar fadir Jón, nafnkunnur bókaritari, í barmi í Gufudalssveit, hans fadir Gudmundr hagleiksmadr; hans fadir Bjarni Steinsson. Módir Jóns Gudmundssonar, og kona Gudmundar, hét Ragnhildr Bjarnadóttir. Módir Sezelju, kona Jóns Gudmundssonar, hét Ingibjörg; hennar fadir Jón Kolbeinsson, bóndi í Gufudalssveit, Jónssonar. Módir Ingibjargar, konu Jóns Gudmundssonar, hét Guðbjörg, dóttir Össurs Halldorssonar á Hallsteinsnesi.

Sezelja Jónsdóttir var móðir hans. [Mitt innskot]

Vorið 1802 var Sveinn tekinn til fósturs af móðurbróður sínum, Jóni Jónssyni, og födursystur sinni Sigríði Sveinsdóttur, búandi hjónum í Svartatúngu í Bitru og ólzt þar upp. Hann var í æsku og allan uppvaxtartíma sinn mikid heilsutæpr, en þó ei táplíttill. Snemma þótti bera á góðum námsgáfum hjá honum, og lærði ádr hann varð altalandi það, sem öðru eldra barni var utanbókar kennt. Líka þótti snemma votta fyrir hagleiks náttúru hjá honum, og sá hann þó aldrei neina smíða viðburdi hjá sér á heimilinu. Snemma fór hann að draga til stafs, epr ýmsum midr fögrum fyrirmyndum, blekid var úr eldhúsi sótt. Barnalærdóminn lærði hann á áttunda vetrinum.

Snemma var hann vaninn við öll þau verk innan og utan húss, sem unglíngar á hans aldri geta unnid; á ellefta ári lærði hann að bera ljá í gras. Vid fjárhirdingu bædi sumar og vetr vandist hann á sínum uppvaxtar árum; fjárgeymsla heppnadist honum vel, jafnvel þó hann væri aldrei fjárglöggr. Þá hann var kominn undir tvítugt, þótti hann nýttinn og lagvirkur vermadr, og þjádast þó opt af gigt í herdum og öxlum.

Vetrinn 1819 fór hann á útmánudum að Stad á Reykjanesi, og byrjandi þar undir umsjá sóknarprestsins þar, síra Páls Hjálmarssonar, sem hafði verið rektor á Hólum árin 1789 – 1801, heimaskóla lærdóm; þeirri idn hélt hann áfram seinna hluta næsta vetr, svo námstíminn varð nærfelt því, sem svaradi einum vetri. Efnahagr fóstroforeldranna leyfði ei að námi þessu væri fastara áfram haldid.

Á næsta hausti 1820, fékk Sveinn inntöku í Bessastadaskóla, og hálfá ölmusu. Þegar þágangad var komid settist hann móti sinni og annara von, efstr í Nedra bekk, og hélt því sæti í tvo vetr. Haustid 1822 settist hann efstr í Efra bekk en varð sá þridji í röðinni í midsvetrar prófi; á næsta hausti settist hann efstr, og hélt því sæti, unz hann útskrifadist um vorid með hinum bezta vitnisburdi (vorið 1824). Fátæktar vegna vann hann á hverju vori og eins á hinu seinasta, strax frá skóla uppsögn í mógröfum, og sem þeirri vinnu var lokid, fór hann um sláttartímann í kaupavinnu í sveit, sér til fatnadar og bókakaupa.

Sumarid 1824 lofadist hann sýslumanni Húnavetninga, Birni Audunnssyni Blöndal til handritara, en skömmu eftir það loford, budust Sveini tveir álitlegir kostir, en hann vildi ei rjúfa loford sitt, og hafnadi báðum.

Mikill blóduppgangr frá brjósti, sár verkr undir vinstra síðubardi, ásamt gigtarverkjum í hægri handlegg og herðum knúdi hann til að leita sér lækninga hjá séra Jóni Jónssyni í Stærra-árskógi, hvers þá var almennt til lækninga leitad í Norðrlandi, lækningatilaunir prestsins heppnudust ekki; en Guð gaf að blóduppgangrinn batnadi fyrir eigin tilraunir Sveins.

Eftir tveggja ára dvöl hjá sýslumanni Birni Blöndal fór Sveinn vorid 1826 til vistar að Stærra-árskógi. Eftir nýár 1827 fór hann þaðan vestr að Svartungu í Bitru til að leitast við að lækna sárþjadan fóstrofoðr sinn, sem tókst æskilega. Hélt hann svo norðr aptr um sumarímál, og fluttist á næsta vori norðr að grenjadarstad með áminnztum presti, og giftist um sumarid elstu dóttur hans Guðnýju, og var hann þá 26 ára að aldri, en hún 23 ára.

Í April 1828 var honum veitt djáknaþraudid að Grenjadarstad, og hóf hann búskap á sama vori á kirkjujörðinni Klömbu. Þó bústofninn væri lítill og bújörð landlítill, búnadist honum brátt í betra lagi, svo innan skamms gat hann hjálpad nágrönnum sínum og jafnvel flestum um hey og mat, hann stundadi sumar-búvinnu, smídar á tré, járn, kopar og silfr; bóknám, skriftir og úngmenna kennslu; spurdi börn í kirkju á hverjum messudegi sumar og vetr. Stöðuga heimaskóla kennslu hóf hann haustid 1830 á Reykjavíldar bræðrum, Hallgrími, Þorláki og Sigfúsi, sem allir settust í Efra bekk þá í skóla frá honum komu.

Fyrsta búnaðarsumar sitt þjádist Sveinn svo af gigtveiki, að hann varla þoldi við verk að standa, reyndi hann þá mörg meðul, en öll til ónýtis, og á loksins það, er vel hreif, og sem honum hefir síðan reynst hið áhrifa mesta í þeim kvilla, bæði á sjálfum sér og mörgum öðrum.

1835. 23. Janúar var Sveini djákna veitt Blöndudalshóla prestakall, og vígdr til þess af Íslands biskupi herra Steingrími Jónssyni 8. Júní s. ár, sem var annar dagr hvítasunnunnur, undir eins voru 5 aðrir vígdir: Cand theol. Ásmundur Jónsson, prestur að Breidabólssstað að Skógarströnd; cand theol Markús Jónsson prestur að Stóra- hópi; Benedikt Þórdarson, prestur að Stað á Snæfjallaströnd, Björn Jónsson prestur að Grímseyar; og Hjörleifr Guttormsson, kaplán að Kirkjubæ, í Hróarstúngu.

Þegar Sveinn fluttist vestr í Húnavatnssýslu, varð kona hans Gudný eptir hjá systur sinni Hildi, hjá hverri hún dó í Febr 1836.

Sveinn endaði djákna röðina á Grenjadarstað, því embættid var aftekið með Danrettubræfi 5. Apríl 1837.

Þegar Sveinn kom að Blöndudalshólum var adkoman köld og óskemmtileg: bærinn var lítill og mjög óreisulegr, hvert hús mátti heita fallid, og þó var hann með nokkurri addittun látinn hanga uppi fyrst um sinn, ástæðanna vegna. Ofanálagid á bæinn var lítid, eins og þá tíðkadist, enda voru þeir fátækir, sem skila áttu. Kirkjan var að mestu leyti fallin, álags laus og átti enga portíón, fyrir vanskil og vangæzlu hlutadeigenda. Tún stadarins var í mestu vanhirdingu. Prestsverk Sveins voru öll vel þegin, og á hverjum helgum degi sóktu margir utan sóknarmenn til messu hjá honum, og það hélzt alla hans prestskapar tíð, að því leyti bygdarlags kríngumstædur leyfðu. Hann lét sér annt um bæði í kenningum og samræðum að laga hugsunarhátt sóknarmanna sinna, og beina honum í kristilega og heidarlega stefnu; hann leitadist með hógværd og lempni en þó jafnframt með alvöru við, að laga allt það í sóknum sínum, sem honum þótti midr fara, og voru þeir flestir er því tóku vel, svo hann ávann sér brátt með því álit og góðan þokka.

Hann varð búhagur í Blöndudalshólum og lét byggja nýjan bæ og kirkju af nýjum efnum. Hann smíðaði mikið sjálfur. Nýi bærinn brann en hann byggði nýjan á næsta sumri og kirkju, mest með eigin höndum [...] Bæði að smíði bæjarhúsanna og kirkjunnar vann hann mest með eigin höndum – hann hafði líka, meðan hann var djákni, smíðad, með tilstyrk eins manns, sveitakirkju, sem þótti velgerð að tréverkinu.

[...] Þess er ádr getid, að Gudný, kona Sveins prests dó í Febrúar 1836, í Octóber sama árs giptist hann aptr Gudrúnu, dóttur síra Jóns prófasts Pétssonar á Höskuldsstöðum, ágætri konu, og audnadist þeim farsæl og ánægjuleg sambúð í 37 ár.



Þann 4. Desember 1843 var Sveini veittr Stadarbakki í Midfirði og fluttist hann þágangd á næsta vori, skiladi hann þá bæjarhúsum og kirkju í svo góðu standi að álag þótti ei nefnandi. Þá 9 vetr sem Sveinn var í Blöndudalshólum hélt hann þar heimaskóla, voru fæstir 2 piltar, en flestir 5.

Aldrei hefur verið jafn vel búið á Staðarbakka og í hans tíð. Hann skilaði því brauði 1851. Fór í Staðarstað og tók að sér prestsverk. Honum búnaðist þar vel þótt hann þyrfti margt að lagfæra. Hann kom túni og engjum í góða rækt. „tók að grundvelli öll bæarhús og byggdi þau að nýu, jók þau og stækkadi nokkud, bjó til nýtt og gott vatnsból, sem ádr hafdi ætíð vantað og setti þar í sterkbyggda dælu, lét aka miklu grjóti heim langt ad, í stéttar, sem ad mestu leyti vantadi ádr.“ Ýmsar voru framkvæmdir aðrar, nýtt klukknaport, endurnýja kirkjuna ytra sem innra. Varpið tók miklum framförum [...]

Hann var forseti prestafélagsins í Syðra þórsnesþingi árlega frá 1856 – 1874. [...]

Hann var kosinn varþingmaður Snæfellinga til 6 ára 1858. Sáttamanns embætti 1840-1874. [...] Árlega frá 1830-1870 kenndi hann heimaskóla lærdóm. Nemendur settust svo í efri bekk á Bessastöðum, vel undirbúnir. [...] Hann kenndi heima næstum árlega frá 1830-1870, skólalærdóm, til undirbúnings undir skóla, 2-5 nemendur. Margir dvöldu hjá honum í þrjá vetur og settust svo í efri bekk á Bessastöðum. [...] 1866 varð hann prófastur í Snæfellsnes og Hnappadalssýslu og hélt því embætti í 8 ár. [...] Í maímánu 1869 veitti konungur Kristján 9. Sveini riddarakross Dannebrog's orðunnar. [...]

Hann hugsaði um foreldra og hjúkraði þeim og ættingjum heima hjá sér til dauðadags. [...]

1873 gekk allþung kvefveiki um og dó Guðrún kona hans, 66 ára, 10 vikna og 5 daga. Þá hvarf hugur hans frá Staðarstað en þar hafði honum vegnað vel í 24 ár. Skildi hann vel við þótt hann hefði tekið við svo að segja í moldarhrúgu, álagslaust ad heita mátti [...]

Hann fluttist með dóttur sinni Elísabetu Guðnýju til Reykjavíkur 1874 og bjó fyrst hjá Hallgrími syni sínum dómkirkjupresti sem hafdi byggt sér reisulegt hús á Hlíðarhúsastíg. [...]

Þegar hér er komid hinni lítt merkilegu æfissögu Sveins, ad ytri hlidinni til, mundi ei vera fráleitt ad líta nokkud á innri hlidina. Ad því er gagnkunnugir hafa lýst, byrjadi æfi Sveins med kröm og vanheilsu. En þegar hann tánadist nokkud upp, þótti Sveinn ekki ófjörugr og mjög námfús, er þar eitt til marks um, ad ádr hann varð skýrtalandi, lærði hann til muna af Lúthers fræðum, Sem hann heyrði öðru barni, fjórum árum eldra, var kennt utanbókar. Á fjórda árinu lærði hann ad stafa; fimm vetra var hann stautandi, og þá var hætt vid þá kennslu, og hann látinn gera eitthvad annad, sem börn á þeim aldri eru vanin vid hjá reglusömu og starfsömu bændafólki fátæku. Beiddist hann þó eptir ,

ad sér væri sett fyrir víst ætlunarverk hvern dag svo hann ætíð, að því afloknu, frjálst ad leika sér,; reyna ad draga til stafs, eda tálga spýtu, eda herma eptir leiki þá og bardaga, er hann heyrði stundum á vetrarkvöldum lesid um í riddarasögum. Á áttunda æfivetri lærði hann barnalærdómskverid og lét sér þá mjög annt um ad skilja meiningu þessarar greinar, því honum fannst ad hann gæti ei lært neitt, sem hann ekki skildi. Hann var kalladr mjög næmr (og var kannski ofsögum af því sagt), minni hans þótti gott, en þó greind eða skilningr beztr. Nokkud merki upp á næmi hans og minni er það, ad hann lærði í rökkrum hjá blindri móðursystur sinni allmörg gömul kvædi, t. d. Heimspekingaskóla, Vinarspegil, Kappakvædi Gudmundar Bergþórssonar, Lífsleidingr, Gunnarskvædi, Þorrakvædi og fleiri. Af Heimspekingaskóla lærði hann í hverju rökkri 14 erindi, en af Vinaspegli 16 erindi.

Snemma lángadi hann til ad gera vísu, og átti hann ekki ördugt med rím, en allan skáldskaparsmekk vantadi hann; nokkud fékkst hann vid ýmislega vísna gjörd í uppvexti sínum, en hann lét ekki adra sjá það, og brenndi seinna þessháttar allt.

Ad lunderni var hann mjög gæflyndr, barnseinfaldr, einlægr og gudhræddr, sáttfús og óhefnigjarn; gekk aldrei svo ad neinu verki, ad hann ei lypti bidjanda hjarta til Guds, enda fórust honum flest verk vel úr hendi; hann var lagvirkr og heldur verkhygginn. Hann var mjög fús ad lidsinna öðrum í öllu því sem hann gat, einkum var hann fúsari en adrir ad lána fé sitt, og hélt því áfram, enda þótt lidi tíðum af þeim greida af mikid tjón. Á stúdentsárum sínum bad hann sterkríkan mann, er lézt vera honum velviljadr, um 10 ríkisdala lán, en fékk afsvar, því madrinn var manna féglöggvatr. Hét þá Sveinn því, ad ef hann ætti nokkra tíma nokkrs fjárs ráð, skyldi hann fúslega lána hverjum, sem beiddi. Enginn var hann fjáraflamadr, en þó audsæll og búsæll. Endir

*Fleiri skjöl frá Sveini:*

Sveinn skrifaði um vináttuna: Eftirlátsemin aflar vina, en sannleikurinn óvina. [Eftir einhvern annan]

Meinlegr er sannleikurinn ef hann kveikir hatr, sem er eittr vináttunnar, en miklu meinlegri er eptirlátsemin, þar ed hún med því ad hlífast vid ávirðingarnar, lofar vininum ad steypast í glötunina.

*Stutt æviágrip frá Sveini:*

[...]1827 giptist ég Guðnýu dóttur séra Jóns jónssonar á Grenjadarstad. 1828 var ég af Biskupinum yfir Íslandi kallaðr til að vera djákni á Grenjadarstad. 8. Júní 1835 var ég af sama Biskupi vígðr til að vera sóknarprestur til Blöndudalshóla prestakalls. Í ársbyrjun 1836 dó kona mín Guðný, en í Octóber sama árs giptist ég Guðrúnu, dóttur síra Jóns prófests Péturssonar á Höskuldarstöðum. Á Blöndudalshólum bygði ég að nú öll bæarhús og kirkjuna [...]

Af mínum 5 nú lifandi börnum eru þeir nú í Danmörk, Jón Adalsteinn aðjúnkt í Nýkjöbing og Hallgrímur studingur theologia í kaupmanna höfn.

*Fæðingardagar barna Níelsar og Sigríðar:*

Guðný Kristín 22. maí 1856

Martha María 18. nóv. 1858

Sveinn 26. júní 1860

Lúðvík Jóhann Kristján (dó 7 vikna gamall) 18. apríl 1863

Hallgrímu 26. maí 1864

Sesselja Soffía 12. okt 1866

Haraldur 30. nóv 1868

Þuríður 26. maí 1870

Fæðingardagar barna Sveins:

Jón Aðalsteinn 1. maí 1830

Sigríður 11. júlí 1831

Elísabet Guðný 17. júlí 1839

Hallgrímur 5. apríl 1841

Jón 6. nóvember 1843

Sveinn 2. janúar 1846

## 8.2 Viðauki II

(Lbs 1416 8vo)

### **Drög úr æviþætti af séra Sveini Níelssyni eftir Árna Halldór Hannesson.**

[...] Fór hann því næst norður til Bjarnar sýslumanns Auðunssonar Blöndals, og var um tvö ár skrifari hjá honum, Kendi hann þá sjúkleika er hann gat ekki haft lengur skrifarastarfið, en það var blóðspýa, en þá var ekki eins hægt að leita sér lækninga eins og núna er orðið.

1826 (á spássíu fyrir framan texta) Þá var sá prestur í Stóra Árskógi er Jón hét Jónsson, fekst hann við lækningar og þótti takast furðu vel, þangað leitaði Sveinn, og var hjá honum eitt ár og var nú orðinn fullbata. Fekk þá árið eftir Grenjaðarstað og fluttist Sveinn með honum þangað. Síra Jón átti dætur fjórar vænar og vitrar, ein þeirra hét Guðný, önnur [eyða í texta]

[Hefst aftur fyrir neðan] 1827. Fékk Sveinn þá Guðnýar og tók djáknavígslu 1828 er það sá seinasti maður sem tekið hefir djáknavíxlu á landi hér í lúterskum sið.

1835 fékk hann Blöndudals hóla, og var búlaus það ár, bjó þá bóndi þar það ár og var hann í kosti hjá honum. 1836 kvongaðist hann í annað sinn Guðrúnu Jónsdóttur prófests á Höskuldsstöðum og setti saman bú um vorið, því brauði þjónaði hann þangað til 1844 að hann fékk Staðarbakka sem hann þjónaði í 6 ár, eða til 1850. 1873 misti hann Guðrúnu konu sína. 2 ár var hann á Staðastað eftir það og hafði Elísabetu dóttur sína fyrir ráðskonu vildi hún þá ekki vera lengur í stöðu þessari, varð þá séra Sveinn að sleppa brauðinu, og fluttu þau svo suður í Reykjavík.

Með seinni konu sinni átti hann 4 börn. Jón sonur hans var fremur rolulegur og daufur til framkvæmda. Systur tvær verður að nefna, Elínborgu, Kristjönu [...] þær fengu sinn prestsoninn hver [...]

Jón fékk Elínborgar, bygði faðir hans honum eina kirkjujörðina, Slítandastaði, búnaðist honum lítt, var hann þar í 2 ár og dó, hann átti með konu sinni eitt barn er Hans hét. [...] eftir lát Jóns tók Sveinn Elínborgu heim að Staðastað ásamt barni hennar. Varð hún sem húskona, en prestur tekur að sér drenginn þegar hann hafði aldur til, kendi honum undir skóla, lærði hann síðan til prests og naut hann að því arfs afa síns að hann varð prestur og þjónar nú Stað í Steingrímsfirði. Fremur er hann fálátur sem faðir hans, og hafði mjög lítið traust á sjálfum sér, en er þó í betra lagi gáfaður. Móðir hans er nú komin til hans ásamt manni sínum Jóni Jóhannessyni frá Sólvöllum í Breiðavík.

Guðný Elísabet gift Birni ritstjóra Cand. Phil. í Reykjavík.

Þegar síra Sveinn flutti suður bjóst hann við að hafa skjól hjá Hallgrími dómkirkjupresti syni sínum, en það fór á aðra leið, kona Hallgríms gat ekki liðið hann, hún hafði alist upp við hið hárfína líf í Kaupmh.

Kennimaður var hann einhver hinn andríkasti, ef ekki sá fyrsti hér á landi, þó fátt sé til eftir hann prentað nema húskveðja Arnfins Arnfinssonar á Lágafelli. Söngmaður var hann mikill en nokkuð gamaldags er hann brúkaði að nokkru leyti grallarann á hátíðum við messusönginn, trúmaður var hann sem flestir prestar á þeim tímum.

Reglumaður var hann í hvívetna og gætti als hófs. Hann gat varla séð mann taka í nefið, því síður að reykja. Hann sagðist ekki þola að vera þar inni sem verið væri að reykja. Einhverju sinni gistu hjá honum vormenn, og voru látnir sofa fram í dyralofti, um morguninn kemur hann til þeirra og segir við þá: „já, já, þið eruð þá að búa ykkur undir annað líf,“ og fór svo burt aftur.

Það fór svo mikið orð af því hvað síra Sveinn væri góður að kenna ungmennum undir skóla, og komu því margir sonum sínum til læringar hjá honum, en vér kunnum fæsta að telja, en þá sem ég man eru: Jón rektor Þorkelsson, síra Jens Hjaltalín á Setbergi, Gestur Pálsson, Ólafur læknir Guðmundsson, Sigurður kennari Sigurðsson er druknaði með Larsen hér um árið. Síra Þorleifur Jónsson á Skinnastöðum, bræður Skúli og Ebbenesar frá Skarði, þóttu þeir heldur gáfnadaufir, en gnótt var á Skarði góðra eigna. Þar að auki kenndi hann Birni ritstjóra, syni sínum Hallgrími og sonarsyni sínum síra Hans í Steingrímsfirði.

Þá vildi séra Sveinn vera að fást við ljóðagjörð, en til þess hafði hann ekki gáfu var hann laginn að koma saman rími sínu þó hefi ég séð eftir hann á prenti erfiljóð eftir Jórinni Ísleifsdóttir, fyrri konu Páls Melsteðs sagnfræðings, og grafskrift Þórðar Jónssonar á Rauðkollustöðum.

Það er mjög fágætt að félausir ungir menn hafi þá eiginleika að safna fé og verða stórríkir, þannig var um síra svein að hann var fátækur og fékk ekki fé úr neinni átt nema það sem hann tók inn af embætti sínu sem heldur var þó í minna lagi, þegar hann var á Staðastað var hann orðinn svo auðugur að hann lánaði hverjum sem hafa vildi, auðvitað með tryggingu, alveg eins og bankar núna, þá var enginn banki og enginn sparisjóður [...] Aldrei stefndi hann nokkrum manni hversu mikilli ótrúmennsku er hann mætti [...]

Hann var vinnuharður en í raun var hann það ekki, vildi ekki sjá fólk sitt slæpast. Veitti öllum vel. vinnumenn urðu auðugir, tóku vinnukonu og byggðu einhverja kirkjujörðina.

[...] til að ævisaga verði ekki fölsk þarf að segja frá göllunum líka [...] En það er frá síra Sveini að segja að hann þótti hégómagjarn og hafði mikla ánægju af að heyra hrós

um sjálfan sig, og ef hann heyrði einhverja frægðarsögu um einhvern úti frá, kom hann jafnan með aðra, af sjálfum sér eða ættingjum sínum. Þá var honum ekki um gestakomur, og hafa ýmsar hégómasögur borist út um það, en aldrei úthýsti hann, enda átti hann þá konu sem allt bætti á heimili og of.

Þó ég hafi þannig verið svo djurfur að snúa hinni dimmu hlið að lesaranum, þá er skuggi hennar svo lítill að ekki má taka hann til greina að mæla manninn á þumlungakvarða, slíkt væri hið mesta ranglæti þar sem annað eins mikilmenni á hlut sem sveinn prestur nielsson.

Síra Sveinn merkti allar sínar bækur með skammstöfun nafns síns þannig: Sabe et Nitere.

Það hafa börn hans viljað halda leyndu hvað honum varð að aldurtíla en slíkt er hverjum ósjálfrátt er ekki hefur sjálfur verið orsök í því, en ekki er her um slíkt að ræða, Hann tók mjög viðbjóðslegan sjúkdóm er leiddi hann til bana.

*[Þetta er skrifað fyrir aftan ævisöguna]:*

Þegar síra Sveinn fór vestur að Blöndudalshólum skildi hann eftir Guðnýu konu sína með tveimur börnum þeirra Jóni Aðalsteini er ól aldur sinn lengstum í Kaupmannahöfn, kennari, var hann 1 ár kennari við lærðaskólann í Reykjavík. Hitt var Sigríður. Tók síra Jón í Grenjaðarstað Jón til uppfósturs, en Sigríði yngra barnið tók síra Jón Þorsteinsson í Reykjahlíð og Sigríður Hallgrímsdóttir, voru það foreldrar síra Hallgríms í Hólmum á Reyðarfirði. En Guðný fór þetta sama vor til Hildar systur sinnar og Jakobs Jónssonar factors er flutti þá um vorið að Raufarhöfn, bygði hann þar fyrst verslunarstað. Guðný dó þar veturinn eftir 1836 eftir nýár.

Um skilnað Sveins prests og Guðnýar er ekki lýðum ljóst, en margir hafa hallast á hann, það er sagt þau hafi bæði verið í samkvæmi, hafi þá legið fyrir honum að svara einhverju orði eða setningu, og hafi hann ei getað en hún hafi þá að sér hans vegna að svara, hafi honum mislíkað svo mjög að hann gat ei orðið meiri og hafi ekki viljað láta hana gera sér aftur slíka hneisu, en þykkjan var þung, en friðseminn var óbifanleg. Hún orkti þá hið fagra raunakvæði til systir sinnar og sem prentað er í Fjölni, „Endurminningin er svo glögg“. Annað kvæði sama efnis er henni og eignað sem líka er prentað í Fjölni „Sit ég og syrgi mér horfin“ en það kvæði hefur hún ekki ort, en hitt vita menn ógjörla hver kveð hafi hafa ýmsar getur á verið, en engin viss.

Sigríður Sveinsdóttir fluttist svo að Hólmum og ólst upp hjá síra Hallgrími og Krístrúnu, var hún kona vitur og myndarleg, og þótti kvennkostur hinn besti. Þar var maður a Seyðisfirði er Níels hét var hann trésmiður, starfsmaður hinn mesti og afar harðgörr, bóndasonur. Hann

vildi fá Sigríðar, en fósturforeldrar hennar stóðu fast í móti. Var hún svo látin fara vestur að Staðastað til föður síns, en „ekki verður feigum forðað“ Níels tók sig upp og fór líka vestur að Staðastað vistaðist hann sem hjú hjá Sveini presti og var hinn ötulasti til allra verka, og svo þótti hann vinnuharður að alt vinnufólkið ætlaði brott á næstu krossmessu, en lögun komst þó á þetta því prestur gifti Níels Sigríði dóttur sína, og gaf þeim jörð til ábúðar Grímsstaði í Álfтанeshreppi, bjuggu þau þar allan sinn búskap þangað til hann dó, eftir lát hans fór hún til barna sinna sem var efnagott sæmdafólk í Álfтанeshreppi, eitt af börnum þeirra er Haraldur biflíuþýðari í Reykjavík.

[...] Hann var með hærri mönnum en mjög varð hann holdugur á efri árum sínum, svo ei gátu borið hann nema hraustir hestar. Hafði hátt enni augun ljós og nokkuð ókyr, augabrýr miklar, nefstór en fremur þunt og fiður á, hýungsskegg. Axlir hafði hann breiðar, höndin var falleg. Og allur var maðurinn hinn karlmannlegasti og fyrrmannlegasti, rómurinn skír og mjúkur, enda má að öllu samanlögðu telja hann með merkustu prestum lands vors. Svipurinn var mikill og tignarlegur og bauð af sér geig (ægishjálmi) því það var eins og enginn af heimilisfólki hans og sveitungum þyrðu ekki alminnilega að tala við hann án þess hann talaði nokkurt stygðaryrði við það. Skap hans mun hafa verið mikið en hann kunni að stjórna því, Hann átti aldrei í þjarki við nokkurn mann en hann svaraði þá með einhverri stuttri setningu, en hún var vanalega svo mergjuð að hún beit sig inn í gegnum brjóst og æðar. Og þykkjuþungur var hann þar sem hann lagðist á. Enda voru fáir af sveitungum hans er kappi vildu etja við hann.

[...] Hann gat ei heldur felt sig við vandlæti hennar, svo hann varð að fara þaðan. Svo fór hann til Bjarnar og Elísabetar dóttur sinnar en alt fór á sömu leið, varð hann að taka sér annarstaðar leigupláss, þannig var nú ástatt fyrir honum í 5 ár, en ekki vantaði hann fé.

Fekk hann Hallormstað 1879, og þjónaði því brauði eitt ár, og varð vegna heilsuleysis að sleppa því aftur. Flutti aftur til Reykjavíkur og settist að í Doktorshúsinu, þar lifði hann um 1 ár og dó 17. jan 1881.

### 8.3 Viðauki III

(Lbs 1435, 8vo)

**Drög úr líkræðu yfir Mad. Guðnýju Jónsdóttur (konu síra Sveins Níelssonar) eftir sjera Vernharð Þorkelsson, m. h. Brynjólfs Jónssonar.**

*Yfir moldum G J mad. þann 6. marz 1836 í Skinnastaðakirkju.*

Hann mærir föður hennar og móður. [Minn viðauki]

[...] Mjer flugu strax við andlátsfregn hennar upphafleg orð í hug og hugsaði, þegar eg rendi með angri huga fram á hennar mörgu og meir en oss er kunnugt sorglega, æfisor: „Sæll er sá maður, hvers líf Kristur er, honum verður dauðinn ábati; - en þeinkti þá sízt að neitt hlutfall yrði að tala þeim sömu orðum yfir hennar jarðnesku leifum [... ] Hún var því heiðarlegum foreldrum borin; því hver finnst sá vor á meðal, sem ekki geymir nafn hans meðal heiðursmanna á landi voru? Svo fer orðspor af hjartagæzku (móð)ur hennar, að ekki þarf henni að lýsa. Hún var því af slíkum foreldrum snemma uppalin í Guðsóttu og gjörð hæf til allra dyggða.

[...] framúrskarandi munu gáfur hennar verið hafa, en þótt hún nyti sjaldgæfrar upplýsingar og mentunar af kvennmönnum til, eins og hennar góðfrægu eftirlifandi systur; ræð ég það af því, að en þótt skilningur hennar væri dýrkaður, varð jeg þvílíks lífs var í hennar sálu, fjörs í þaunkunnum, skarpleika í tali, snildarlegra, djúpsærra, en skáldlegra og náttúrlegra þanka....virtist lýsa yfirtaks gáfum [...] opt lýstu því tár augnanna hve sálin var gagntekin af meðaumkun yfir þeim sem bágt áttu; þó gat einginn sagt hún væri greindarlaus. Aldrei leitaði hún sér hróss hjá mönnum með góðgjörðum sínum. Breytnin var ætíð samfara hugsun hennar og tali; en opt hafði hún þó orð um það sem meira varð þó úr í verkinu [...]

Þann 21. ágúst 1827 hófst nýtt og markvert æfinnar tímabil fyrir vora sáluðu: hjúskapar samtenging við gáfaðan snildarmann, þáverandi djækna að Grenjaðarstöðum Svein Níelsson, hver að er vön að verka nokkuð, eins til vorrar líkamlegu sem andlegu og eilífu velferðar. Þeirra hjónaband ávaxtaði guð með 4 efnilegum börnum, hverra tveggja missir að einu æfiári liðnu varð móðurhjartanu því þungbærar sem manneskjuvísirinn var frábærari. Tvö þeirra, piltur og stúlka, varðveita enn hjá oss gáfur, mynd og minningu farsællar móður. Þegar hjón þessi giptust, var sem tvö hjörta bráðnuðu og rynnu saman í eitt; – því svo sagði hún mér sjálf: „Sú var tíð, að við bjuggum saman sem hjón.“ En svo gjörðist þessi frábæri gáfu og snildar maður – af fágætum orsökum – fráhverfur, að hjónabandið varð henni óbærileg byrði og sorg, og



Það fyr og í fleiru en alþýða merkt gat. Hún gaf honum hjarta sitt með höndinni, hún girntist að leiða hann til dauðans og fylgja honum með trúfesti. Heiður og húsfriður stóð af henni á heimilinu; blíðka vildi og reyndi hún hann þegar bágð ljet, hverja stund vildi hún gjöra honum annari yndislegri; hún vildi þau skipti með sjer sorg og sælu; hreinskilni og hjartans staðfesta fylgdi henni alla tíð; samt gat ekki það hugarfar sem var í Jesú Kristi varðveitt beggja hjörtu í innbyrðis elsku. Þó raskaði það ekki þolgæði hennar og staka umburðarlyndi og jafnaðargeði við mann sinn, því þolinmóðari sálu munum vjer vart finna, og sáttgjarnara hjarta mun varla brjóst bera. Aldrei ámælti hún manni sínum, og ekki þá svo langt var komið á næstliðnu vori, þegar honum voru veittir Blöndudalshólar, að hann lét fjarlæginguna gefa sjer tilefni til að beiðast upphafningar á hjónabandinu, og skaut skuldinni uppá fjarstætt lunderni hennar sínu eigin, því ekkert annað játaði hann sig fyrir forlíkun – geta að henni fundið, miklu heldur viðurkendi hana sem mestu og bestu konu. Alt þetta umbar hún án þess að mæla þar eitt orð á móti, einungis af elsku til rósemdar hans, ef ske mætti að ánægja hans yrði að meiri. En hvort meira vegur á rjettlætisins eilífu metaskálum: hans sakargipt eða hennar þegjandi tár – á meðan, er þeim ofvaxið að dæma, sem ekki skynja hvað býr í afkimum hjartans. Það vitnast á dómarans opinberunardegi.

Að hinu var jeg sjónarvottur, að eptir fullráðinn skilnað hjóna þessara var eigi annað hægt að sjá af hennar stöku umönnun og nákvæmni fyrir öllum ferðaútbúnaði manns síns, en hún hefði fórnfært honum allri elsku sinni. Hryggur var ég viðstaddur skilnað þeirra, og mætti mjer seint úr minni líða, hversu mjer var þá afmálað, að það band var með valdi slitið, sem tengdi hennar hjarta við hans. Tilfinningarnar til hans, sem þá gagntóku hennar hjarta, þegar sem hvein í streingnum við slitið – mundi henni ekki hafa verið hægt með orðum að útlista, en síður mjer. Þá þóttist hun aldrei nógu þakklát við góðan Guð, og minntist þá hinna glöðu fyrri daganna, hughreysti sig við og þakkaði Guði, beztu foreldra og systkina, því hún sagðist „blygðast í návist helzt lítt kunnugra, að úthella því öllu í skaut föðurins sem hún vissi að barnið ætti og mætti úthella í skaut föður síns, og þar að auki væri hun nú allsþurfa barn“. Svo minnistæð urðu mjer þessi orð, að nú koma þau fyrst í heyranda hljóð.

Sárt kveið hún skilnaði við foreldra, börn, systkin og pláz, en það þó örugg þessari fögru bæn: „Verði þinn vilji“, [...] elska hennar bjóst sorgarbúningi [...] þyngjast tók henni fyrir brjósti [...] opt andvarpaði hún um frelsi [...] en á meðan grátur og tár voru að ljetta henni fyrir brjósti og tímaleingdin að afmá einslegleikann eptir þá snögglegu og sorglegu breytingu sem varð á högum hennar í vor. Þá, eða þann 2. janúar tók

þungbærasta kvöl að tæra hennar instu kröptum. Þar um kemst hennar gáfaða, hjartabezta systir – hverrar djúpu sár ýfst hafa við endurminningu dauðans angistar hinnar sáluðu, – svo að orði í brjefi til mín, sem jeg ekki fyrirverð mig hjer orðrjett fram að færa: „Nú kem eg að hinu seinasta og hinu sorglegasta, sem var hennar stríð við dauðann: hún sá og fann hans aðfarir, eins og kristur í grasagarðinum grjet hún og bað óaflátanlega eins og hetja, en sagði þó: „verði þinn vilji“. Að sjá og heyra hennar iðrun og undirbúning, var svo átakanlegt og lærdómsríkt, að jeg hefi aldrei annað eins sjeð.“ Þessi eru orð hennar um undirbúning deyjandi systur undir dauðann. Loks tókstu, sártsaknaða systir!

Þann 11. janúar þann læknisdóminn, sem læknaði alla þína kvöl, og rósemdar munu þínar jarðnesku leifar njóta í hvílu þinni, sem þjer er nú með fúsu geði hjer uppbúin. Hún gat ekki orðið þjer uppbúin hvar þinna barna bein hvíla, og líkast er, beztu foreldra bein lögð verði, enda varst þú og þínir ánægðir með, að moldum þínum yrði sáð í þennan reit. Bein þín hvíla með heiðri hvar sem þau eru lögð [...] söknuður angurværra ættmenna hjartna, þakkir vinanna, blessunaróskir aumra, þakkir allra vandalausra, sem þekktu þig hjer og eptirlöngun allra guðelskandi að líkjast þjer í því að lifa og deyja í drottni, fylgja þjer nú til grafar, þó líkamirnir geti það ekki, og staðnæmast við leiði þitt. Kynnu þín blessuðu 2 móðurlausu börn að skynja, að móðirin er eldingu lostin, og að meta hvílíka móður þau misst hafa, þá mundu þau nú sífra [...]

## Heimildaskrá

### Prentaðar heimildir

- Bjarni Thorarensen. 1943. *Bréf. Fyrri bindi*. Jón Helgason bjó til prentunar. Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn, Kaupmannahöfn.
- Erla Hulda Halldórsdóttir. 1997. Illt er að vera fæddur kona. Ritstj. Helga Kress og Rannveig Traustadóttir. *Íslenskar kvennarannsóknir*, bls. 33-40. Háskóli Íslands Rannsóknastofa í kvennafræðum, Reykjavík.
- Fjölnir*, bls. 3 [30-32]. 1943. Frjetta-Báلكurinn. Eptirmæli ársins 1836. [*Fjölnir*. Árs-rit handa Íslendingum, 3. ár, 1837. Útgefendur Brynjólfur Pétursson, Jónas Hallgrímsson, Konráð Gjísason og Tómas Sæmunzson, Kaupmannahöfn]. Lithoprent, Reykjavík.
- Gísli H. Kolbeins. 2008. Skáld-Rósa. Stiklað á stóru í ættfræðinni. *Fréttabréf Ættfræðingafélagsins* 26 (2) bls. 3.
- Gísli H. Kolbeins. 2007. *Skáld-Rósa. Ljós móðirin Rósa Guðmundsdóttir*. Salka, Reykjavík.
- Gísli Konráðsson. 1892. *Sagan af Natan Ketilssyni*. Kostnaðarmaður Reinharður Kristjánsson, Ísafirði.
- Guðnýjarkver. Kvæði Guðnýjar frá Klömbrum*. 1951. Búið hefur til prentunar Helga Kristjánsdóttir á Þverá. Helgfell, Reykjavík.
- Guðrún P. Helgadóttir. 1995. Vatnsenda-Rósa. *Skáldkonur fyrri alda II*, bls. 111-171. Hörpuútgáfan og Guðrún P. Helgadóttir, Akranesi.
- Helga Kress. 1977. Um konur og bókmenntir. Helga Kress valdi sögurnar og sá um útgáfuna. *Draumur um veruleika*. Íslenskar sögur um og eftir konur, bls. 11-35. Mál og menning, Reykjavík.
- Helga Kress. 1997a. Líf og ljóð. Guðný Jónsdóttir frá Klömbrum. Ritstj. Helga Kress og Rannveig Traustadóttir. *Íslenskar kvennarannsóknir*, bls. 23-32. Háskóli Íslands Rannsóknastofa í kvennafræðum, Reykjavík.

- Helga Kress. 1997b. Kona og skáld – inngangur. Helga Kress valdi efnið og bjó til prentunar. *Stúlka*, bls. 13-104. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Helga Kress. 2000. Dæmd til að hrekjast. Um ástina, karlaveldið og kvenlega sjálfsmynd í Tímabjófnum eftir Steinunni Sigurðardóttur. *Speglanir. Konur í íslenskri bókmenntahefð og bókmenntasögu. Greinasafn*, bls. 247-298. Háskóli Íslands Rannsóknastofa í kvennafræðum, Reykjavík.
- Helga Kress. 2009a. „Saga mín er sönn en smá“. Um ævikvæði kvenna. *Óþarfar unnustur - og aðrar greinar um íslenskar bókmenntir*, bls. 147-150. Bókmennta- og listfræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Helga Kress. 2009b. Gegnum orðahjúpinn. *Ritröð guðfræðistofnunar. Studia theologica islandica 28*, bls. 37-57. Ritstj. Sólveig Anna Bóasdóttir. Skálholtsútgáfan, Reykjavík.
- Homans, Margaret. *Women writers and Poetic Identity. Dorothy Wordsworth, Emily Brontë and Emily Dickinson*. Princeton University Press, United Kingdom.
- Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. 1989. Ritstj. Jakob Benediktsson. [2. pr.] Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Mál og menning, Reykjavík.
- Ingileif Jónsdóttir. 1897. Rokkvísur. [Vísur eftir Guðnýju frá Klömbrum]. Ritstjóri Bríet Bjarnhéðinsdóttir. *Kvennablaðið* 3: 37.
- Íslensk bókmenntasaga III*. 1996. Ritstj. Árni Ibsen, Gíli Sigurðsson, Matthías V. Sæmundsson, Páll Valsson, Silja Aðalsteinsdóttir, Viðar Hreinsson og Halldór Guðmundsson. Mál og menning, Reykjavík.
- Jónas Hallgrímsson. 1945. *Grasaferð*. Steindórsprent H.F., Reykjavík. *Konur skrifa bréf. Sendibréf 1797-1907*. 1961. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Bókafellsútgáfan, Reykjavík.
- Kübler Ross, Elisabeth og Kessler, David. 2005. *On Grief and Grieving*. Scribner, New York.
- Lipking, Lawrence. 1988. *Abandoned Women and Poetic Tradition*. The University of Chicago Press, Chicago.

- Rósa B. Blöndals. 1989. *Skáld-Rósa. Barn rómantísku aldar á Íslandi – og fórnarlamb hennar*. Fjölvaútgáfan, Reykjavík.
- Sigurður Pálsson. 1982. *Ljóð vega gerð*. Iðunn, Reykjavík.
- Sv. P. [Ókunnugt fullt nafn]. 1965. Vatnsenda-Rósu veglega minnzt. Legsteinn afhjúpaður að Efra Núpi. *Morgunblaðið*, 17. ágúst, bls. 3.
- Tómas Guðmundsson. 1999a. Endurminningin er svo glögg. *Sagnaþættir*, bls. 177-187. Mál og menning, Reykjavík.
- Tómas Guðmundsson. 1999b. Þó að kali heitur hver. *Sagnaþættir*, bls. 23-77. Mál og menning, Reykjavík.
- Ögmundur Helgason. 1989. Lausavísur. *Íslensk þjóðmenning VI. Munnmenntir og bókmennig*, bls. 356-371. Ritstj. Frosti F. Jóhannsson. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík.
- Öldin sem leið. Minnisverð tíðindi 1801-1860*, bls. 93-94. 1955. Gils Guðmundsson tók saman. Tveir menn myrtir á Illugastöðum á Vatnsnesi. Iðunn, Reykjavík.

### **Vefheimildir**

- Baldur Jónsson. Klambrar saga. Síðari hluti. Um orðið Klömbur í örnefnum. *Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*. [http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun\\_timarit\\_ot\\_11\\_BJ\\_sott](http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_timarit_ot_11_BJ_sott) 29. október 2011.
- Ólína Þorvarðardóttir. Vísa Vatnsenda-Rósu um augað fagra. 2007. *Heimasíða Ólínu Þorvarðardóttur*. <http://olinathorv.blog.is/blog/olinathorv/entry/308105/> sótt 20. október 2011.
- Pastan, Linda. The five stage of grief. <http://justadream.tripod.com/pastan/15p.htm> sótt 30. nóvember 2011.

## **Handrit**

### **Lbs.: Handritadeild Landsbókasafns Íslands**

Lbs 1416, 8vo. Æviþáttur af séra Sveini Níelssyni. [Ritaður af Árna Halldóri Hannessyni].

Lbs 1435, 8vo. Líkræða. [Líkræða yfir Mad. Guðnýju Jónsdóttur (konu síra Sveins Níelssonar) eftir sjera Vernharð Þorkelsson, m. h. Brynjólfs Jónssonar].

Lbs 2252, 4to. Ævisögudrög síra Sveins Níelssonar. [Eiginhandarrit].

### **Handbækur og önnur hjálpargögn**

Baldur Ragnarson. 1983. *Ljóðlist. Kennslubók handa framhaldsskólanemum og öðru áhugafólki*. Iðunn, Reykjavík.

Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. 2006. *Handbók um ritun og frágang*. Mál og menning, Reykjavík.

Óskar Halldórsson. 1977. *Bragur og ljóðstíll. Fræðirit 1*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.